- a. Fjölskyldubætur greiddar á árinu 1974 og árinu 1975 teljast ekki til skattskyldra tekna, sbr. 10. gr. laga nr. 68/1971.
- b. Fjölskyldubætur, sem greiddar eru framfæranda á árinu 1975, skulu koma til frádráttar barnabótum er framfærandi á rétt til skv. C-lið 25. gr. við ákvörðun barnabóta á árinu 1975.
- c. Heimild til sérstakrar, óbeinnar fyrningar vegna verðhækkunar á fjármunum, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri skv. 6. mgr. C-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, skal við álagningu fyrir skattárið 1974 takmörkuð við 70% af þeirri hækkun, sem ákveðin var með verðhækkunarstuðlum þeim, sem fjármálaráðuneytið auglýsti 23. desember 1974.
- d. Fyrir árslok 1975 skal fjármálaráðherra láta fara fram sem nákvæmasta könnun á framfærslukostnaði barna, þ. á m. hvernig honum er háttáð eftir mismunandi aldri og fjölda barna í fjölskyldu, svo að hafa megi niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar við álagningu skatta og ákvörðun tryggingabóta, sem greiddar eru vegna barna. Skýrsla um könnunina skal lögð fyrir Alþingi.

III. KAFLI

Um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 22. mars 1972,

sbr. lög nr. 36 24. apríl 1973 og lög nr. 104 24. desember 1973 um

breyting á þeim lögum.

13. gr.

Á eftir 3. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í sveitarfélagi, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt, sbr. 3. mgr.

14. gr.

16. gr. laga nr. 8/1972 orðist svo:

Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélag fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði, sbr. e-lið 8. gr. Framlagið skal nema meðalútsvari á íbúa í landinu í heild næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

Fólksfækkunarframlag skal greitt hlutaðeigandi sveitarfélögum eigi síðar en 31. desember ár hvert.

15. gr.

1. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Útsvar skal leggja á tekjur þær sem taldar eru í 7. gr. að teknu tilliti til ákvæða 8. gr., 10. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum:

16. gr.

1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Útsvar skv. 25. gr. hjá hjónum, sem telja fram sameiginlega, og einstæðu foreldri, sem hefur fyrir heimili að sjá, svo og fólki í óvígðri sambúð, sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðs 25. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, skal lækka um 10 500 kr. og útsvar einstaklings um 7 500 kr. Telji hjón fram hvort í sínu lagi skal hvort um sig fá samsvarandi lækkun og einstaklingur. Fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, sbr. C-lið 25. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, skal lækka útsvar hans um 1 500 kr. Hafi gjaldandi fleiri en þrjú börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 3 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú. Fjárhæðir þessar skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 53. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

Aftan við sömu gr. laga nr. 8/1972 bætist ný mgr., er hljóði svo:

Þeir, sem hafa tekið upp heimilisfesti hér á landi á næstliðnu almanaksári, skulu njóta lækkunar á útsvari samkvæmt þessari grein í hlutfalli við dvalartíma sinn hér á landi á því ári.

17. gr.

a-liður 27. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

a. sem nýtur bóta samkvæmt II. kafla (Lífeyristrygginga) og IV. kafla (Slysastrygginga) laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum.

c-liður 27. gr. laga nr. 8/1972 breytist svo:

Í stað orðanna „1.—4. tölulið“ komi orðin: 1.—7. tölulið. Aftan við orðin „laga nr. 68/1971“ komi orðin: með síðari breytingum.

18. gr.

43. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Ákvæði til bráðabirgða.

a. 43. gr. laga nr. 8/1972 gildi svo orðuð til og með 31. desember 1975:

Ef gjöld samkvæmt lögum þessum eru ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem liður, talið frá og með gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

b. Þar til nýtt fasteignamat hefur tekið gildi, er ráðherra heimilt að ákveða fyrir 15. nóv. ár hvert, að gjöld næsta árs, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati, megi breytast í hlutfalli við þá breytingu byggingarvísitölu, sem orðið hefur frá 1. nóv. árið áður til 1. nóv. ákvörðunarársins.

IV. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96 27. desember 1971, lög nr. 112 31. desember 1972, lög nr. 62 21. maí 1974 og brb.lög nr. 88 24. september 1974.

19. gr.

Niður falli 26. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1974 og 6. gr. laga nr. 88/1974. Jafnframt falli úr gildi önnur ákvæði laganna um fjölskyldubætur.

V. KAFLI

Heimild til lækkunar eða niðurfellingar söluskatts og afnáms tolla af nokkrum mikilvægum matvörum og hráefnum til matvælagarðar.

20. gr.

Afnema skal tolla af vörum, sem falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer, sbr. lög nr. 6/1974, um tollskrá o. fl.:

08.01.10 Bananar, nýir.

08.02.10 Appelsínur, tangarínur, mandarínur og elementínur.

08.02.21 Sítrónur.

08.06.10 Epli.

08.09.01 Melónur.

21. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður tolla af þeim lyfjum, er falla undir tollskrárnúmer 30.01.00 og 30.02.00, og af þeim sérlyfjum, sem skráð eru á sérlyfjaskrá, og af þeim óskráðum sérlyfjum, sem til landsins eru flutt með heimild heilbrigðisyfirvalda skv. 3. mgr. 54. gr. laga nr. 30/1963, er falla undir tollskrárnúmer 30.03.09.

22. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka eða fella niður söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, þar með skrá yfir þær vörur sem hún tekur til, svo og um bókhald og söluskattsframtal þeirra sem versla með vörur þessar.

VI. KAFLI**Flugvallagjald.****23. gr.**

Á tímabilinu 1. maí 1975 til loka febrúar 1976 skal greiða flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns, sem ferðast með loftfari innanlands eða frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi skv. farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Heimilt er að innheimta tilsvarendi gjald vegna farþega, sem fara með skipum frá Íslandi til annarra landa. Nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð. Að öðru leyti gilda um þessi gjöld ákvæði 24., 25., 26., 27. og 28. gr. þessa kafla.

24. gr.

Flugvallagjald skal vera 2 500 kr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, þó 1 250 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Fyrir hvern farþega, er ferðast innanlands að eða frá Reykjavíkflugvelli og Keflavíkflugvelli, skal gjaldið nema 350 kr., þó 175 kr. fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Sama gjald skal greiða vegna farþega, er fara til Grænlands eða til Færeyja. Fyrir hvern farþega, er ferðast milli annarra flugvalla innanlands, skal gjaldið vera 175 kr., þó hálf gjald fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára. Flugvallagjald skal fella inn í verð farseðils.

25. gr.

Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess bera ábyrgð á greiðslu flugvallagjalds.

Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda umboðsmanni rikissjóðs á flugstöð skrá um farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 23. gr. eða greiða skulu hálf gjald skv. 24. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra.

26. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis, og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða umboðsmanni rikissjóðs fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 25. gr.

Flugvallagjald vegna farþega, sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, skal greiða til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) eigi síðar en 15. dag næsta almanaksánaðar eftir brottför.

27. gr.

Sé gjöldum ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá, sem gjaldinu ber að skila, greiða af því viðurlög er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa innheimtumanns lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

Flugvallagjald nýtur lögtaksréttar.

Heimilt er innheimtumanni að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur þess er eigi gerir skil á réttum gjalddaga, þar til skil eru gerð, meðal annars með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningatæki hans undir innsigli.

28. gr.

Brot á þessum kafla laganna varða sektum, varðhaldi eða fangelsi svo og sviptingu starfsleyfis.

VII. KAFLI**Skyldusparnaður.****29. gr.**

Allir menn sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki voru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1975 skulu á árinu 1975 leggja til hliðar fé til varðveislu í rikissjóði sem hér segir:

- a. Einstaklingar: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 000 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.

- b. Samsköttuð hjón og fólk í óvígðri sambúð sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádregnum 1 250 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.
- c. Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 5% af skattgjaldstekjum hvors um sig, að frádregnum 750 000 kr. hjá hvoru, auk 37 750 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.

Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri upphæð en 250 000 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi en 375 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt staflíðum a., b. og c. um þá upphæð sem munurinn er umfram þessar upphæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá miðað við þessar upphækkuðu skattgjaldstekjur, sbr. staflíði a., b. og c.

Hjá þeim skattþegnum sem heimilt væri að beita ákvæðum 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, skal hækka framangreindar vergar tekjur til skatts á þann veg er þar um ræðir.

Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á.

Skyldusparnaður skv. þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiddast jafnhliða þinggjöldum til ríkissjóðs. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

Þegar maður hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu skv. 1. og 3. mgr. skal ríkissjóður viðurkenna móttöku hans með afhendingu sérstakra skyldusparnaðarskírteina.

Skírteinin skulu skráð á nafn þess er sparar og er honum óheimilt að framselja þau eða veðsetja.

Skírteini þessi skulu bera 4% ársvexti frá 1. janúar 1976 að telja eða loka-greiðsludegi skyldusparnaðar ef síðar er.

Skírteini þessi eru lengst til 15. desember 1990, en frá 1. febrúar 1978 er eiganda i sjálfsvald sett hvenær hann fær skírteinið innleyst.

30. gr.

Við endurgreiðslu skyldusparnaðarskírteina skv. 29. gr. greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól og vexti í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. nóvember 1975 til 1. nóvember næst á undan endurgreiðslu.

Skyldusparnaður skv. 29. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en skyldusparnaðarskírteini, svo og vextir og verðbætur af þeim, eru framtalsskyld, en njóta að öðru leyti skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30/1970.

31. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um framkvæmd þessa kafla.

VIII. KAFLI

Lántökuheimildir vegna opinberra framkvæmda og Framkvæmdasjóðs.
Ráðstöfun lánsfjár og skyldusparnaðar.

32. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd rikissjóðs að gefa út rikisskuldabréf eða spariskirteini til sölu innanlands að fjárhæð allt að 500 millj. kr., svo og happdrættisskuldabréf að fjárhæð allt að 300 millj. kr., og gilda um þau ákvæði laga nr. 7/1974. Jafnframt falla niður lántökuheimildir samkvæmt liðunum í LXII., LXIII., LXIV., LXV. og LXVI. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975.

33. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd rikissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 3 800 millj. kr. Af þeirri fjárhæð er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði 2 000 millj. kr. en 1 800 millj. kr. skal ráðstafað svo sem fyrir er mælt í 34. gr.

34. gr.

Fé því, sem aflast samkvæmt heimildum í 32. gr. og 33. gr. þessara laga, samkvæmt liðnum LX. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975, af erlendu lánsfé vegna Þorláks-hafnar, af erlendu láni Framkvæmdasjóðs hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, af innheimtu endurlánuðu spariskirteinafé og með skyldusparnaði skv. 29. gr. VII. kafla þessara laga, en alls nema þær 5 000 millj. kr., skal varið sem hér segir:

	Millj. kr.
Vegaframkvæmdir	900
Landshafnir	350
Þangverksmiðja að Reykhólum	230
Orkumál	3 520

- a. Framkvæmdir Rafmagnsveitna rikisins og rafvæðing sveitanna.
- b. Orkumál Norðurlands.
- c. Kaup á jarðborum.
- d. Virkjunarrannsóknir.
- e. Orkuveitur sveitarfélaga.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

6. mgr. 26. gr. laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, hljóði svo:

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Stjórnir kirkjugarða geta falið rikissjóði innheimtu kirkjugarðsgjalda. Í hreppsfélögum geta stjórnir kirkjugarðanna þó falið sveitarsjóðum innheimtuna. Innheimtulaun skulu vera 6% af innheimtu fé. Stjórnnum kirkjugarðanna er heimilt að hafa innheimtuna í eigin höndum gegn sömu þóknun.

36. gr.

Á meðan innheimt er flugvallagjald skv. VI. kafla þessara laga skal fella niður söluskatt af fólksflutningum með loftförum innanlands.

37. gr.

I., II. og III. kafli laga þessara öðlast þegar gildi og skulu ákvæði II. og III. kafla koma til framkvæmda við álagningu skatta til rikissjóðs og útsvara til sveitar-sjóða fyrir skattárið 1974. Ákvæði 1. mgr. 10. gr. og 18. gr. skulu þó fyrst taka gildi 1. janúar 1976.

IV. kafli laga þessara öðlast gildi 1. júlí 1975.

V. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.

VI. kafli laga þessara öðlast gildi 1. maí 1975.

VII., VIII. og IX. kafli laga þessara öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. apríl 1975.

Geir Hallgrímsson.

Ásgeir Bjarnason.
(L. S.)

Benedikt Sigurjónsson.

Geir Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 — 1975

25. apríl 1975.

49

Nr. 12.

L Ö G

um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur samkvæmt lögum þessum sett almennar og svæðisbundnar reglur, er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkvæmt sérstökum leyfum ráðuneytisins til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins, meðal annars með skiptingu afla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta.

2. gr.

Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra sem fyrir eru. Ráðuneytið getur synjað um slík leyfi, ef ekki er fyrirsjáanleg aflaukning á viðkomandi svæði né samdráttur í starfsemi annarra vinnslustöðva á svæðinu.

Opiuberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um synjun slíkra leyfa.

3. gr.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða fyrirmælum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, nema þyngri viðurlögum varði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renni í rikissjóð. Um mál út af brotum á lögum þessum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 25. apríl 1975.

Geir Hallgrímsson.

Ásgeir Bjarnason.
(L. S.)

Benedikt Sigurjónsson.

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa samið um annað skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót, sem svarar til kaupgreiðsluvisitölu 106.18 stig, sem hér segir:

1. Á laun, sem hinn 1. október 1974 eru lægri en 50 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvisitölu 106.18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra. Bætur á yfirvinnukaup greiðist hlutfallslega þannig að gildandi tengsl yfirvinnu- og dagvinnukauptaxta haldist.
2. Á laun á bilinu 50 000 til 53 500 krónur hinn 1. október 1974 fyrir fulla dagvinnu, miðað við kaupgreiðsluvisitölu 106.18 stig, greiðist 3 500 króna bætur á mánuði að frádreginni þeirri fjárhæð, sem kaupfaxtinn er hærrí en 50 000 krónur á mánuði, til þeirra, sem skila fullum dagvinnutíma, en hlutfallslega lægra til annarra.

Bætur á hvern yfirvinnutíma greiðist á þessu taxtabili í sama hlutfalli við bætur á dagvinnulaun og greindi í 1. lið þessarar greinar.

3. Á hærrí laun greiðast ekki launajöfnunarbætur. Hækkun grunnlauna um 3% hinn 1. desember 1974 og enn um 3% hinn 1. júní 1975 hefur þó engin áhrif á greiðslur launajöfnunarbóta skv. 1. og 2. tölulið þessarar greinar eða hækkun grunnlauna í samræmi við samninga heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarins.

2. gr.

Setja skal reglugerð um ákvörðun launajöfnunarbóta skv. 1. gr. Við samningu reglugerðarinnar skal haft náið samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kaupaxta fyrir reglulega dagvinnu, sem ákveðinn er með álági á annan lægri taxa, eða sem hlutfall af hærrí taxa, að jafnan sé miðað við hinn endanlega taxa, en ekki þann grunn, sem hann er á reistur. Með taxa skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíráðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxa skal einnig telja vaklaálag að því leyti, sem það kann að vera hærrí en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnu-töxtum, til ákvörðunar launajöfnunarbóta, skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu, og fyrirbyggjandi upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um tekjur ákvæðisvinnufólks. Launajöfnunarbætur til ákvæðisvinnufólks skulu gerðar upp mánaðarlega eflir á á grundvelli vinnutíma og tekna í liðnum mánuði.

3. gr.

Laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli búvöru, sbr. lög nr. 101/1966, skulu hækka vegna launajöfnunarbóta um 5.5% og skal sú hækkun haldast til 31. maí 1975 og þar til annað verður ákveðið.

4. gr.

Hækkun sú á búvöruverði til bænda, sem hlýst af hækkun skv. 3. gr., skal ekki greidd út í hlutfalli við framleiðsluverðmæti, heldur jafnað þannig til bænda, að hún gagnist eingöngu hinum tekjulægri í þeirra hópi með líkum hætti og launajöfnunarbætur launþegum skv. lögum þessum. Heimilt er að setja reglugerð um innheimtu og úthlutun þessara bóta í samráði við Stéttarsamband bænda.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast úthlutun launajöfnunarbóta samkvæmt 1. málsgri.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um launajöfnunarbætur til bænda:

1. Launajöfnunarbætur greiðast þeim einum, er reka bú á lögbýli. Einstaklingar, sem eru aðilar að félagsbúi samkvæmt mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins, hafa sama rétt til launajöfnunarbóta og aðrir bændur. Hlutfélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, stofnanir og aðrir ópersónulegir aðilar eiga ekki rétt á launajöfnunarbótum.
2. Aðeins framleiðendur nautgripaafurða, sauðfjárafurða og kartaflna eiga rétt á launajöfnunarbótum.
3. Aðilar, sem í árslok 1974 voru með minni bú eða búshluta en svarar 60 ærgildum í nautgripum og/eða sauðfé, eiga ekki rétt á launajöfnunarbótum. Sama gildir um aðila með bú, sem á árinu 1974 gaf bónda og skylduliði hans hærri vinnulaunatekjur af nautgripa- og/eða sauðfjáreign en svarar til meðalvinnulauna af 500 ærgilda búi í nautgripum og/eða sauðfé, samkvæmt út-reikningi og ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Kartöflurframleiðendur 1974, sem eru utan fyrrgreindra marka varðandi búfjáreign, eiga rétt á launajöfnunarbótum eftir reglum, er Framleiðsluráð landbúnaðarins setur.
4. Búvöruframleiðendur, sem á árinu 1974 höfðu tekjur af atvinnu utan landbúnaðar, skulu — ef þeir fullnægja settum skilyrðum að öðru leyti — fá greiddar skertar launajöfnunarbætur samkvæmt mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
5. Réttur til launajöfnunarbóta er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi telji tekjur sínar og eignir 1974 fram til skatts á fullnægjandi hátt að dómi Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að takmarka eða fella niður launajöfnunarbætur til búvöruframleiðenda, sem eru með hærri fyrningarfrádrátt á skattframtali en reiknað er með í verðlagsgrundvelli búvöru, enda sé bústofn þeirra stærri en svarar 500 ærgildum í nautgripum og/eða sauðfé. Nú rekur aðili fleiri en eitt bú, og skal þá litið á þau sem eina heild við ákvörðun launajöfnunarbóta.

Umsóknir um launajöfnunarbætur skulu sendar Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir lok frests, er hún ákveður. Afrit af skattframtali 1975 skal fylgja hverri umsókn. Umsóknir mega vera í formi ljósrits af framtali (þ. e. almennu skatt-

framtali og landbúnaðarskýrslu), sem skattstjóri sendir Framleiðsluráði landbúnaðarins með áritun um, að hlutaðeigandi sækir um að fá greiddar launajöfnunarbætur. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður nánari tilhögun umsókna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður fjárhæðir launajöfnunarbóta, er skulu vera breytilegar eftir hæð vinnutekna af búrekstri 1974, innan þess ramma, sem ákveðinn er í þessari grein, og í sem fyllstu samræmi við þau ákvæði, sem gilda um launajöfnunarbætur til launþega, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og reglugerð nr. 267/1974, um launajöfnunarbætur.

5. gr.

Greiðsla fjölskyldubóta, sbr. 26. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 62/1974, skal á tímabilinu 1. október til 30. júní 1975 miðuð við það, að árlegar fjölskyldubætur með barni séu 20 000 kr.

6. gr.

Bætur almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972 og nr. 62/1974, aðrar en fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur og tekjutrygging skv. 19. gr., skulu taka breytingum sem hér segir:

Frá 1. október 1974 skulu þær hækka um 6% frá því, sem í gildi var í sept. 1974.

Frá 1. desember 1974 skulu þær hækka um 3% frá því, sem í gildi var í nóv. 1974.

Frá 1. apríl 1975 skulu þær hækka um 9% frá því, sem í gildi var í mars 1975.

Frá 1. júlí 1975 skulu þær hækka enn um 3% frá því, sem í gildi var í júní 1975.

Breytingar þessar skulu einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

Þannig verði fullur, árlegur ellilífeyrir einstaklinga, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, sem hér segir, eftirgreind tímabil, miðað við að lífeyrir sé fyrst tekinn við 67 ára aldur:

Frá 1. október 1974 til 30. nóvember 1974	155 400 kr.
Frá 1. desember 1974 til 31. mars 1975	160 068 —
Frá 1. apríl 1975 til 30. júní 1975	174 480 —
Frá 1. júlí 1975	179 760 —

7. gr.

Fjárhæðir 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971 og lög nr. 62/1974, skulu vera sem hér segir eftirgreind tímabil:

Tímabil:	1. okt. 1974	1. des. 1974	1. apríl 1975	
	til	til	til	Frá
	30. nóv. 1974	31. mars 1975	30. júní 1975	1. júlí 1975
	kr.	kr.	kr.	kr.

1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almanna-trygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbót- ar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	41 300	41 300	46 380	46 380
Hjón	74 340	74 340	83 460	83 460

	1. okt. 1974 til 30. nóv. 1974 kr.	1. des. 1974 til 31. mars 1975 kr.	1. apríl 1975 til 30. júní 1975 kr.	Frá 1. júlí 1975 kr.
2. Uppbót á lífeyri (tekjutrygging) á ári:				
Einstaklingar	93 900	96 720	141 120	145 380
Hjón	169 020	174 096	238 620	245 760
3. Hafi bótaþegi aðrar tekjur, sbr. 1., umfram fjárhæðirnar, sem til- greindar eru í 1., skal skerða upp- bótina um ákveðinn hundraðs- hluta af tekjum umfram nefnd mörk sem hér segir	50%	51.5%	55%	55%

8. gr.

Breytingar bóta almannatrygginga skv. 6. og 7. gr. skulu m. a. koma í stað breytinga skv. 1. mgr. 78. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 96/1971, af tilefni launajöfnunarbóta skv. lögum þessum, 3% almennrar hækkunar grunnlauna 1. desember 1974, launahækkunar skv. samkomulagi ASÍ og vinnuveitenda frá 26. mars 1974 og 3% almennrar hækkunar grunnlauna frá 1. júní 1975.

9. gr.

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið skulu niðurgreiðslur vöruverðs úr ríkissjóði ekki vera lægri en þær eru við gildistöku laga þessara.

10. gr.

Frá 1. október 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

Á því tímabili, er greinir í 1. mgr., má ekki hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því, sem var 23. september 1974, nema að fengnu samþykki rétttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu, sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

11. gr.

Fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með samþættingu kjörum og þeir sæta sjálfir. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að ákvæði um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns.

Ríkisstjórnin lætur fram fara árlega endurskoðun á lánskjörum sjóðanna, sbr. ákvæði 1. málsgr., og skal þá hafa hliðsjón af samsetningu þess fjármagns, sem sjóðirnir hafa yfir að ráða. Skal slík endurskoðun fyrst fara fram fyrir 15. júní n. k., vegna ársins 1975.

Ríkisstjórnin skal, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins, setja meginreglur um lánskjör allra opinberra fjárfestingarlánasjóða í samræmi við ákvæði 1. málsg. r.

Stjórnir sjóða þeirra, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur um lánskjör innan ramma meginreglnanna skv. 3. málsg. Að fengnum þeim tillögum skal ríkisstjórnin taka endanlega ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða og kemur sú ákvörðun í stað lagaákvæða og reglna þeirra, sem nú gilda um þetta efni.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri viðurlög séu ákveðin með öðrum lögum.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir árslok 1975 skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra láta fram fara könnun:

a) á framfærslukostnaði elli- og örorkulífeyrisþega og skal könnunin bæði ná til einstaklinga og hjóna, er njóta elli- og örorkulífeyris.

Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar hjóna og einstaklinga.

b) á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra. Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun barnalífeyris.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 107/1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. Í stað orðanna „allt að 60 milljónum kr.“ í 1. tölulið 3. gr. laganna kemur: allt að 90 milljónum kr.

2. Í stað orðanna „140 milljónir kr.“ í 2. tölulið 3. gr. laganna kemur: 340 milljónir kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda og reksturs Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði 1 260 millj. kr.

2. gr.

Af lánsfé því, sem aflað er skv. 1. gr., skal verja 931 millj. kr. til að greiða skuld ríkissjóðs er myndaðist á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna hallareksturs Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmda þeirra umfram fjárhagsáætlun til ársloka 1974.

Jafnframt er heimilt að verja 329 millj. kr. af lánsfé þessu til að greiða skuld ríkissjóðs er myndast hafði til ársloka 1974 á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna útgjalda Vegagerðar ríkisins umfram fjárveitingar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir h.f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar og með þeim skilyrðum sem hún ákveður, þ. á m. um hlutafjárukningu og eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lánum sem nema allt að 18,5 milljónum bandaríkjadala, enda taki Flugleiðir hf. lán þessi til kaupa á flugvélum og til að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um stöðvun verkfalla hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunnar h.f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að verkföll hafi staðið yfir hjá starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunnar h.f. frá 12. maí s. l. Hafi sáttatilaunir ekki borið árangur og horfur ekki á lausn deilunnar í bráð. Verkföll þessi hafi þegar valdið mikilli röskun í atvinnulífi landsmanna.

Nú sé vá fyrir dyrum í landbúnaðinum, þar sem síðustu forvöð séu til áburðardreifingar. Auk þess sé hörgull á súrefni til málmíðnaðar, er valdi verulegri truflun eða stöðvun í þeirri grein, en Áburðarverksmiðjan ein framleiði það hér á landi.

Sementsskorturinn hafi þegar stöðvað byggingarframkvæmdir í landinu að mestu leyti og valdið alvarlegum tögum á framkvæmdum við Sigölduvirkjun, hafnarframkvæmdum í Þorlákshöfn og víðar.

Þá hafi verkfall þetta enn fremur haft þau áhrif að framleiðsla Kísiliðjunnar hf. hafi stöðvast svo og öflun hráefnis til framleiðslu á næsta vetri, er valda muni atvinnuleysi og stofni afurðasölu verksmiðjunnar í tvísýnu.

Því telji ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir frekari stöðvun téðra verksmiðja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm, sem ákveði kaup og kjör þeirra starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Kísiliðjunnar h.f., sem í verkfalli eiga.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald á verkfalli téðra starfsmanna.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistöku laga þessara. Uns kjaradómur fellur skal fylgt ákvæðum síðustu samninga aðila um kaup og kjör, en leiðréttá þá launagreiðslur til samræmis við hann.

4. gr.

Ef almennar kauphækkningar verða á gildistíma þessara laga, skulu umræddir starfsmenn verða þeirra aðnjótandi, að mati kjaradóms.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Lög þessi gilda til 31. desember 1975, nema nýir samningar hafi verið gerðir milli aðila.

Gjört að Bessastöðum 29. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 12 — 1975

Nr. 18.

58

30. apríl 1975.

L Ö G

um trúfélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I

ALMENN ÁKVÆÐI UM TRÚFÉLÖG

1. gr.

Rétt eiga menn á að stofna trúfélög, og er hverjum manni frjálst að iðka trú sína og hjóna guði, einn eða í félagi með öðrum, með þeim hætti, er best á við sannfæringu hvers eins. Eigi má þó kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

2. gr.

Enginn getur að lögum bundist skyldu eða skuldbundið annan til að vera eða vera ekki aðili að trúfélagi, trúmálasamtökum eða trúarreglu.

3. gr.

Þeir, sem orðnir eru 16 ára að aldri, geta tekið ákvörðun um inngöngu í trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi.

4. gr.

Enginn, sem er innan 20 ára, getur svo að gilt sé unnið heit um inngöngu í trúarreglu, klaustur eða þvilík samtök. Bannað er að taka við slíku heiti.

5. gr.

Barn, sem fætt er í hjónabandi, skal frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagsi og foreldrar þess.

Ef foreldrarnir heyra ekki til sama trúfélagsi, skal barn frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagsi og móðir þess.

Barn, sem fætt er utan hjónabands eða eftir að hjónabandi er slitið, skal frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagsi og móðir þess.

6. gr.

Foreldrar geta saman tekið ákvörðun um inngöngu barns síns undir 16 ára aldri í trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi. Það foreldri, sem fer eitt með foreldravald, getur tekið slíka ákvörðun.

Ef foreldri fara ekki með foreldravald, getur lögráðamaður tekið ákvörðun samkvæmt 1. málsgrein.

Hafi barn náð 12 ára aldri, skal leitað álits þess um slíka ákvörðun.

7. gr.

Enginn má samtímis heyra til þjóðkirkjunnar og skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar eða tveimur skráðum trúfélögum utan þjóðkirkjunnar.

Aðeins þeir verða taldir heyra til íslensku þjóðkirkjunnar eða íslensku trúfélagi utan þjóðkirkjunnar, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða eiga búsetu hér á landi.

8. gr.

Um inngöngu í og aðild að trúfélagi gilda þau ákvæði, er lög og samþykktir þeirra mæla fyrir um. Prestur eða forstöðumaður, er í hlut á, skal gæta þess, að skilyrðum laga sé fullnægt og að sá, sem leitar inngöngu, heyrir ekki samtímis til öðru skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunnar.

Úrsögn úr skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunnar skal beint skriflega eða með persónulegri tilkynningu til prests eða forstöðumanns, er í hlut á, en hann skal gæta þess, að skilyrðum laganna sé fullnægt.

Presturinn eða forstöðumaðurinn skulu skrá inngöngu eða úrsögn og láta í té inngöngu- eða úrsagnarvottorð.

Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu og úrsögn úr trúfélagi ræður skráningu vegna sérstakra atriða í sambandi við aðild að trúfélagi, svo sem vegna álagningar gjalda, ræðst gildistími í þeim atriðum af lögmætri tilkynningu til þjóðskrár. Geta þeir, sem hlut eiga að máli, annast þá tilkynningu með framvísun vottorðs samkvæmt 3. málsg.

9. gr.

Enginn má leitast við að hafa áhrif á ákvörðun manns um inngöngu í eða úrsögn úr trúfélagi með því að beita ótilhlýðilegum aðferðum, loforðum eða hótunum.

10. gr.

Ákvæði þessa kafla eiga jafnt við um aðild að þjóðkirkjunnar og öðrum trúfélögum, nema annað eigi við samkvæmt þessum lögum eða sérstökum lögum, er varða þjóðkirkjuna.

II**UM TRÚFÉLÖG UTAN ÞJÓÐKIRKJUNNAR****11. gr.**

Heimilt er að stofna trúfélag utan þjóðkirkjunnar, án þess að skylt sé að tilkynna stjórnvöldum um stofnun þess eða starfsemi.

Ekki er heimilt að taka upp nafn á trúfélagi, sem er með þeim hætti líkt nafni annars trúfélags, að misskilningi geti valdið.

Trúfélag getur tryggt sér einkarétt að nafni með því að tilkynna það til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ráðuneytið skal gæta þess, að nafnið sé ekki notað af öðrum, að það valdi ekki misskilningi eða fari með öðrum hætti í hága við allsherjarreglu. Ráðuneytið letur í té vottorð um, að nafnið sé tilkynnt og staðfest.

Ef breytt er um nafn á trúfélagi, sem fengið hefur staðfest nafn sitt, eða félagið er lagt niður, skal stjórn þess tilkynna þetta til ráðuneytisins.

12. gr.

Leita má skráningar á trúfélögum utan þjóðkirkjunnar. Þau fá með henni réttindi og skyldur, sem lög ákveða.

Ákvæði laga þessara um prest eða forstöðumann í skráðu trúfélagi eiga við þá starfsmenn þess, sem annast þau embættisverk, sem skráningin heimilar þeim að vinnu innan trúfélagsins.

13. gr.

Trúfélag, sem óskar skráningar, skal senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu upplýsingar um:

1. nafn trúfélagsins og heimilisfang,
 2. trúarjátningar og kenningar þess,
 3. skipulag þess og starfshætti,
 4. félagssvæði, skiptingu í söfnuði eða deildir ásamt félagatölu,
 5. nöfn stjórnarmanna,
 6. nöfn presta eða forstöðumanna og starfssvæði,
 7. ákvæði samþykktu um inntöku, úrsögn og brottvísun félagsmanna,
 8. ákvæði samþykktu um aðalfund, félagsfund og stjórnarfund, um atkvæða-greiðslur og atkvæðisrétt og um breytingar á samþykktum félagsins,
 9. reglur um meðferð og ráðstöfun fjármuna trúfélagsins.
- Ráðherra getur sett ítarlegri reglur um form og innihald beiðni um skráningu.

14. gr.

Þegar trúfélag hefur verið viðurkennt til skráningar, skal ráðuneytið láta því í té vottorð um skráninguna og auglýsa hana í Lögbirtingablaði.

15. gr.

Skráð trúfélag skal árlega fyrir lok marsmánaðar senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skýrslu um starfsemi sína á næstliðnu ári og jafnframt breytingar, sem orðið hafa á þeim atriðum, sem tilkynnt hafa verið til skráningar, sbr. 13. gr.

Tilkynna skal þegar í stað til ráðuneytisins um skipun, flutning eða starfslok prests eða forstöðumanns.

16. gr.

Ef skilyrði skráningar eru ekki lengur fyrir hendi eða trúfélag vanrækir skyldur sínar samkvæmt lögum, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita því skriflega aðvörðun og setja því frest til að bæla úr því, sem áfátt er. Ef ekki er hætt úr því, sem áfátt er, innan frestsins, sem ekki skal vera skemmri en einn mánuður, getur ráðherra ákveðið að fella skráningu þess úr gildi.

Ef brot er sérstaklega vitavert, má fella skráningu úr gildi þegar í stað.

Þegar skráð trúfélag er lagt niður eða starfar af öðrum ástæðum ekki lengur sem skráð trúfélag, er þeim, sem annast vörslu embættisbóka, sem því er falið að færa, skylt að afhenda þær ráðuneytinu þegar í stað.

Ráðuneytið auglýsir í Lögbirtingablaði, er skráning fellur úr gildi.

Embættisbækur skráðs trúfélags skulu afhentar til þjóðskjalasafnsins eftir sömu reglum og embættisbækur embættismanna ríkisins.

17. gr.

Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skal ekki vera yngri en 25 ára og ekki eldri en 75 ára. Hann skal hafa almenn hæfnisskilyrði til opinberra starfa, sbr. nú lög nr. 38 1954, 3. gr.

Áður en hann tekur við starfi, skal hann senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skriflega yfirlýsingu um, að hann muni vinna af samviskusemi þau störf, sem honum eru í því starfi falin samkvæmt lögum.

Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skal færa þær embættisbækur, sem ráðuneytið fyrirskipar.

Hann gefur út fullgild embættisvottorð um það efni, sem í embættisbækurnar er skráð, og um þau embættisverk, sem hann hefur unnið.

Hann skal láta í té þær tilkynningar, upplýsingar og vottorð, sem lög eða reglur mæla fyrir um, og er háður því eftirliti um framkvæmd embættisstarfa sinna, sem ráðuneytið ákveður.

18. gr.

Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags er háður ábyrgð opinbers starfsmanns í framkvæmd þeirra starfa, sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum laga.

Vanræki prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga eða reglum settum samkvæmt þeim, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita honum skriflega aðvörun og tilkynna það stjórn trúfélagsins.

Ef ekki er bætt úr því, sem aflaga fer, eða um er að ræða mjög alvarlegt brot á starfsskyldum, getur ráðuneytið svipt hann rétti til að gegna starfi prests eða forstöðumanns.

Sama á við, ef hann missir með öðrum hætti skilyrði til að gegna starfi prests eða forstöðumanns.

III

ÝMIS ÁKVÆÐI

19. gr.

Setja má með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, svo og útbúa eyðublöð fyrir tilkynningar og vottorð og um færslu á skrá og reikningshaldi.

20. gr.

Brot gegn 4. gr. 2. málslíð, 9. gr., 11. gr. 2. og 4. málsg., 15. gr., 16. gr. 3. málsg. og 5. málsg. og 17. gr. 2. málsg. varða sektum.

21. gr.

Þau trúfélög utan þjóðkirkjunnar, sem fengið hafa staðfestingu á presti eða forstöðumanni samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4 19. febrúar 1886, sbr. lög nr. 6 4. mars 1904, um breyting á þeim lögum, skulu halda réttindum samkvæmt þeim lögum, að öðru óbreyttu, til loka marsmánaðar eftir að heilt almanaksár er liðið frá gildistöku laga þessara. Hafi slíkt trúfélag ekki fengið skráningu skv. 12., sbr. 13. gr. þessara laga, innan þess tíma, koma ákvæði 16. greinar 3. málsg. til framkvæmda.

Meðan trúfélög starfa samkvæmt þessari grein án þess að hafa fengið skráningu, skulu þó ákvæði þessara laga gilda um þau eftir því, sem við á.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1975, og falla þá jafnframt úr gildi lög um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4 1886, og lög nr. 6 1904, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík 30. apríl 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 108 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir, í samráði við Framleiðslueftirlit sjávarafurða, þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru vegna þeirrar stofnunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 9. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andreassen, Thordis, húsmóðir á Ísafirði, f. í Skotlandi 17. ágúst 1938.
2. Bang, Birgít, afgreiðslustúlka á Sauðárkróki, f. í Danmörku 13. maí 1936.
3. Bang, Edda Marianne, gæslustúlka á Sauðárkróki, f. á Íslandi 4. júní 1950.
4. Bang, Inge Vibeke, húsmóðir á Sauðárkróki, f. á Íslandi 26. september 1939.
5. Bech, Bjarni, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 20. febrúar 1940.
6. Becker, Luise Elisabeth Hildegard, einkaritari í Reykjavík, f. í Þýskalandi 28. janúar 1914.
7. Behrens, Peter Otto Heinrich, tanningamaður á Stokkseyri, f. í Þýskalandi 6. september 1937.
8. Björn Kristján Hansson, vélvirki á Seyðisfirði, f. á Íslandi 2. febrúar 1951.
9. Bonita, James Thomas, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 18. apríl 1965.
10. Chiarolanzio, Alfred, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 13. janúar 1971.
11. Chiarolanzio, Patrick Joseph, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 10. maí 1972.
12. Clementsen, Hans, verkamaður á Seyðisfirði, f. í Færeyjum 6. apríl 1920.
13. Didriksen, Odd, menntaskólakennari í Kópavogi, f. í Noregi 16. ágúst 1927.
14. Donnelly, Mary, bókhaldari í Reykjavík, f. á Írlandi 30. apríl 1927.

15. Duck, Howard Leon, barn á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 26. október 1963.
16. Duck, Kristofer Lee, barn á Seltjarnarnesi, f. í Bandaríkjunum 13. febrúar 1967.
17. Elliot, Jón Thomas, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. júní 1963.
18. Elliot, Richard Magnús, barn í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 19. mars 1966.
19. Gams, Klaus, barn í Reykjavík, f. í Þýskalandi 19. febrúar 1973.
20. Gook, Irene Florence, húsmóðir á Akureyri, f. í Englandi 11. ágúst 1909.
21. Hackert, Signý Amelia, Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 11. júlí 1957.
22. Hansen, Herdis Diana, húsmóðir í Garði, f. í Færeyjum 1. febrúar 1908.
23. Hansen, Marita Jóhanna, húsmóðir í Garði, f. í Færeyjum 24. ágúst 1944.
24. Hansen, Matthías Páll, sjómaður á Akureyri, f. á Íslandi 8. desember 1950.
25. Hentze, Amy Evarða, húsmóðir á Skagaströnd, f. í Færeyjum 5. febrúar 1939.
26. Higazi, Fuad Kamal, verkamaður í Reykjavík, f. í Jerúsalem 19. júní 1949.
27. Howser, Delia Kristín, barn í Hafnarfirði, f. á Íslandi 18. ágúst 1965.
28. Howser, George Hjörtur, barn í Hafnarfirði, f. á Íslandi 30. júní 1961.
29. Howser, Laura Ann, nemi í Hafnarfirði, f. á Íslandi 1. janúar 1959.
30. Jacobsen, Inger (f. Mauniche), bókari á Selfossi, f. í Danmörku 9. september 1923.
31. Jetzeck, Hans-Otto, umsjáslustjóri í Reykjavík, f. í Þýskalandi 11. október 1927.
32. Joensen, Sólrún Mary West, húsmóðir í Sandgerði, f. í Færeyjum 2. október 1945.
33. Jóhann Pétur Hansson, kennari á Seyðisfirði, f. á Íslandi 9. janúar 1950.
34. Karcher, Heinrich, trúboði í Hafnarfirði, f. í Þýskalandi 28. september 1919.
35. Karcher, Katherine Noomi (f. Schröder), trúboði í Hafnarfirði, f. í Bandaríkjunum 20. febrúar 1923.
36. Kulp, Haraldur, nemi í Dykkvabæ, f. á Íslandi 20. október 1958.
37. Lindtveit, Olav Einar, nemandi í Hafnarfirði, f. í Noregi 16. júlí 1956.
38. Marchante Barrobés, María Carmen Dolores Asuncion, húsmóðir í Hafnarfirði, f. á Spáni 15. september 1946.
39. Nelson, Benjamin Axel, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. desember 1961.
40. Nelson, Eiríkur Óli, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 3. desember 1963.
41. Nelson, Matthew Leif, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 12. desember 1962.
42. Nielsen, Esther Helene, húsmóðir í Borgarfirði eystra, f. í Færeyjum 4. janúar 1933.
43. Olesen, Halldór Friðrik, vélstjóri í Kópavogi, f. á Íslandi 8. júlí 1945.
44. Pedersen, Poul Heine, gluggahreinsunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 18. júní 1937.
45. Persky, Kathy Ann, barn í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 17. maí 1969.
46. Petersen, Jensa Michala Selinda, húsmóðir í Sandgerði, f. í Færeyjum 20. júlí 1924.
47. Rasmussen, Arne Juul, matsveinn í Grundarfirði, f. í Danmörku 9. júlí 1948.
48. Rocksén, Karl-Erik, arkitekt í Reykjavík, f. á Íslandi 28. ágúst 1939.
49. Rowlinson, Bryon, iðnverkamaður á Patreksfirði, f. í Englandi 1. október 1950.
50. Saari, Beverlee Ann, nemi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 24. júlí 1954.
51. Sand, Ólavur Edvinsson, sjómaður í Þorlákshöfn, f. í Færeyjum 17. september 1934.
52. Sander, Antonie Marta Karola, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Þýskalandi 1. febrúar 1935.
53. Sarinesen, Laurits Christian, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 31. mars 1916.
54. Seidl, Renate Monika, skjalaþýðandi í Reykjavík, f. í Þýskalandi 25. júlí 1941.
55. Shelhamer, James Ásbjörn, barn í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 8. júní 1972.
56. Skýlindal, Páll, símvirki í Reykjavík, f. í Færeyjum 17. september 1929.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppfélaga og stofnana, er þeim til heyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum, svo og starfsmenn stjórnmalaflokka, sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. 1.a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Nú kemur í ljós við nánari hönnun vegakerfis, að ráðlegt þykir að víkja frá þeim mörkum, sem um ræðir í 1. gr., og er þá heimilt að gera það með reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur samkvæmt tillögu borgarsjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs, sbr. samning þeirra, dags. 9. október 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „aflvéla og ökutækja“ í 1. málsg. 27. gr. laganna komi: hvers konar íþróttæfinga, íþróttasýninga og íþróttakeppni.

2. gr.

Nýr stafliður (f) bætist aftan við 1. málsg. 29. gr. laganna, svo hljóðandi:
f. íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára.

3. gr.

Á eftir 4. málsg. 36. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Iðgjöld vegna íþróttafólks greiðast sameiginlega af ríkissjóði og Íþróttasambandi Íslands, og skulu nánari ákvæði um skiptingu iðgjaldsgreiðslna, svo og um slysa-tryggingar íþróttafólks, sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1972.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1972 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

Gjöld :	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins	129 376	157 012
01 Forsætisráðuneytið	174 191	190 621
02 Menntamálaráðuneytið	2 912 625	3 106 822
03 Utanríkisráðuneytið	204 369	231 351
04 Landbúnaðarráðuneytið	821 064	840 639
05 Sjóvarútvegsráðuneytið	309 063	344 648
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	849 919	1 117 002
07 Félagsmálaráðuneytið	698 623	713 715
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	6 198 573	6 107 536
09 Fjármálaráðuneytið	1 004 620	1 044 761
10 Samgönguráðuneytið	1 699 243	2 350 347
11 Iðnaðarráðuneytið	303 447	444 872
12 Viðskiptaráðuneytið	1 209 527	1 708 189
13 Hagstofa Íslands	17 465	17 517
14 Ríkisendurskoðun	17 447	20 389
Mismunur	349 320	134 926
	<hr/>	
	Samtals 16 898 872	18 530 347
Tekjur :	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar	16 728 537	18 317 054
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	90 900	86 661
13 Ýmsar tekjur	79 435	126 632
	<hr/>	
	Samtals 16 898 872	18 530 347

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um félagsráðgjöf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. grein má aðeins veita þeim, sem lokið hefur prófi frá félagsráðgjafaskóla, sem viðurkenndur er af heilbrigðisyfirvöldum að fenginni umsögn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

3. gr.

Takmörkuð og/eða tímabundin réttindi má einnig veita þeim, sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr.

Slíkt leyfi má því aðeins veita að fyrir liggji meðmæli þeirrar stofnunar, sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til félagsráðgjafastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. grein, með þeim undantekningum, sem leiðir af ákvæðum 3. greinar.

5. gr.

Félagsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

6. gr.

Um félagsráðgjafa gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt reglur læknalaga, nr. 80 23. júní 1969, með áorðnum breytingum.

Reglur læknalaga gilda m. a. um viðurlög við brotum í starfi félagsráðgjafa, um sviptingu löggildingar þeirra og endurveisitingu starfsréttinda.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á þjóðminjalögum, nr. 52/1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við IV. kafla laganna (Friðun húsa og annarra mannvirkja) bætist þrjár nýjar greinar, er verði 39., 40. og 41. gr. og breytist greinatala laganna samkvæmt því:

39. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist húsafriðunarsjóður. Hlutverk hans er að veita styrki til viðhalds og endurbóta húsa, húshluta og annarra mannvirkja, sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt gildi, og stuðla að friðun húsa.

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið einhverjum ríkisbankanna.

40. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. árlegt framlag ríkissjóðs.
2. árlegt framlag sveitarfélaga.
3. frjáls framlög.

Framlag ríkissjóðs skal miða við að það nemi á ári hverju 20 kr. á hvern íbúa landsins. Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 20 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags. Þessi framlög skulu þó breytast árlega í hlutfalli við byggingavísitölu.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

41. gr.

Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstakri reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um sjóðinn. Skal þar m. a. kveðið á um skyldur þeirra, sem fjárframlög fá úr sjóðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 26. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vinna skal að heftingu landbrots og hindra önnur spjöll á nytjalandi af völdum vatna með fyrirhleðslum og lagfæringum á árfarvegum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Í hverri sýslu skal starfa matsnefnd skipuð fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Vegagerðar ríkisins.

Matsnefndir skulu fylgjast með landbroti og hættu á landspjöllum af völdum vatna. Þær skulu taka við erindum frá landeigendum, sem telja nytjalönd sín eyðast eða vera í yfirvofandi hættu af þessum sökum.

Matsnefndir skulu semja álitserð um varnarframkvæmdir samkvæmt 1. gr. fyrir 1. maí ár hvert. Skal þar koma fram áætlaður kostnaður við fyrirhleðslur og aðrar lagfæringar á árfarvegum í sýslunni fyrir næsta ár eða fleiri, ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Enn fremur sé gefin stutt lýsing á tilhögun fyrirhugaðra framkvæmda á hverjum stað.

Álitserðina skal matsnefnd senda til landbúnaðarráðuneytisins, en afrit af henni til Vegagerðar ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, búnaðarsambands sýslunnar og þeirra landeigenda, sem hlut eiga að máli.

3. gr.

Vegagerð ríkisins skal annast verkfræðilegan undirbúning, þegar um meiri háttar framkvæmdir er að ræða samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Í því skyni skal hún, þegar við verður komið, afla sér sérhæfðra starfskrafta á þessu sviði svo og til að gera vatnafræðilegar athuganir á því, hvornig heppilegast er að vinna gegn ágangi vatna.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir $\frac{7}{8}$ hluta kostnaðar við undirbúning og framkvæmdir samkvæmt því, sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Landeigendur, sem hag hafa af varnaraðgerðum á landi sínu eða landsnyttjum, greiða $\frac{1}{8}$ hluta, sem skiptist á milli þeirra að tiltölu við það, hvers virði hagurinn verður hverjum þeirra talinn. Verði ekki samkomulag um skiptingu á kostnaðarhluta landeigenda, skera matsnefndir úr. Ef ágreiningur verður innan matsnefndar, skipar ráðherra oddamann og ræður þá afl atkvæða niðurstöðu. Framkvæmdum má fresta, ef ekki er samkomulag um þær eða kostnaðarskiptingu milli landeigenda.

5. gr.

Nú þarf með fyrirhleðslum eða á annan hátt að stöðva landbrot, sem stofnar opinberum mannvirkjum, svo sem vegum, í hættu, og greiðir ríkissjóður þá allan kostnað, enda þótt í landi einstaklinga sé. Á sama hátt greiðir ríkissjóður að fullu kostnað við framkvæmdir, sem vinna þarf til þess að hindra landbrot eða ágang vatns, sem hefst vegna aðgerða opinberra aðila, t. d. þar sem þrengt er að ám við vega- og brúargerðir, straumrennsli breytist vegna efnistöku úr árfarvegi o. s. frv.

6. gr.

Þar sem framkvæmdir samkv. lögum þessum kunna að snerta veiði eða fiskræktarmöguleika í viðkomandi vatni, er skylt að kynna framkvæmdaáætlanir fyrir stjórn viðkomandi veiðifélags, þannig að þeim gefist kostur á að gefa um þær um-sögn.

7. gr.

Nú telur matsnefnd, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir, vegna yfirvofandi skemmda á nytjalandi, og skal það þá heimilt, enda komi samþykki landbúnaðarráðuneytisins til. Framlög til slíkra framkvæmda skulu njóta forgangs á fjárlögum næsta árs.

8. gr.

Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkvæmt fjárveit-ingum á fjárlögum hverju sinni. Vegagerðin skal og annast greiðslu á hluta ríkis-ins af framkvæmdakostnaði, að því marki, sem fjárlög heimila.

9. gr.

Bætur fyrir landspjöll vegna framkvæmda, t. d. ef vatni er veitt á land annars manns, skal telja með kostnaði við verkið. Bætur skal ákveða með mati eftir ákvæð-um vatnalaga, nr. 15 frá 1923, ef eigi semur.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 26. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands,
Noregs og Svíþjóðar, nr. 7 14. mars 1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Jafnan skal setja eftirgreind skilyrði fyrir framsali:

1. Að hinn framseldi maður verði ekki án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., framseldur áfram til neins annars ríkis fyrir refsiverðan verknað, framinn fyrir framsalið.

2. Að hinn framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir neinn þann verknað, sem framinn er fyrir framsalið og hann hefur fyrir dómi hér á landi annað hvort verið sakfelldur fyrir eða sýknaður af og dómur hefur þegar gengið um hér á landi, annað hvort til sakfellingar eða sýknu.
3. Að hinn framseldi maður verði ekki án samþykkis dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir neinn þann verknað, sem framinn er fyrir framsalið og rannsókn málsins hefur ekki leitt til ákæru á hendur honum hér á landi.
4. Að hinn framseldi maður, sé hann islenskur ríkisborgari, verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir nokkurn annan verknað, framinn fyrir framsalið, en þann, sem hann er framseldur fyrir, nema svo standi á, sem hér segir:
 - a) að fyrir liggja samþykki dómsmálaráðuneytisins, sbr. 17. gr., eða
 - b) að hinn framseldi maður hafi sjálfur samþykkt það á dómþingi, eða
 - c) að hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því, sem hann var framseldur til, enda þótt hann hafi átt þess kost í einn mánuð hið skemmsta að fara þaðan óhindraður, eða
 - d) að hann hafi horfið aftur til lands þess, sem hann var framseldur til, eftir að hann hafði farið úr landi.
5. Að hinn framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir stjórnmálaafbrot, sem framið er fyrir framsalið, og hann er ekki framseldur fyrir, nema að fullnægðum skilyrðum þeim, sem talin eru undir 4. a)–d), og því aðeins að hinn framseldi maður sé ekki islenskur ríkisborgari.

Ávallt er heimilt að setja fleiri skilyrði fyrir framsali, eftir því sem ástæða þykir til.

2. gr.

8. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hafi úrskurðar verið krafist, skal framsal ekki fara fram fyrr en endanlegur dómsúrskurður hefur verið kveðinn upp.

4. gr.

16. gr. 1. mgr. orðist svo:

Nú er í einhverju þeirra ríkja, sem í 1. gr. getur, lýst eftir manni, sökuðum um afbrot, sem orðið gæti grundvöllur framsals eftir lögum þessum, og má þá beita hann þvingunaraðgerðum laga um meðferð opinberra mála með sama hætti og væri hann sakaður um samsvarandi afbrot hér á landi. Sömu aðgerðum má beita, ef viðkomandi yfirvöld tilkynna, að þau muni krefjast framsals fyrir slíkt afbrot.

5. gr.

17. gr. orðist svo:

Samþykki samkvæmt 7. gr. verður því aðeins veitt, að framsal fyrir verknaðinn hefði getað farið fram til viðkomandi lands. Ákvæði 11. og 13. gr. gilda einnig um veitingu slíks samþykkis eftir því sem við á.

Tilmælum um veitingu samþykkis skv. 7. gr. skal fylgja greinargerð um tegund brotsins, hvar og hvenær það var framið og hvaða refsíakvæði muni koma til greina. Einnig skulu fylgja fullnægjandi gögn um það, að viðkomandi manni hafi verið kunngerður réttur hans samkvæmt 11. og 13. gr. eftir því sem við á, og um, hvort hann hafi æskt að notfæra sér þann rétt.

6. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi koma til framkvæmda gagnvart hverju einstöku ríki, sem talið er í 1. gr. laga nr. 7/1962.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 3. og 4. gr., en tölu-röð síðari greina breytist samkvæmt því:

- a) Seðlabanki Íslands hefur á hendi bókhald og rekstur Verðjöfnunarsjóðs, og skal ávaxta fé hans í samráði við stjórn sjóðsins, annað hvort í erlendum eða íslenskum gjaldeyri. Í því skyni að tryggja það, að eign sjóðsins í vörslum Seðlabankans haldi verðgildi sínu, án tillits til breytinga á skráðu gengi íslenskrar krónu, er bankanum heimilt að lána bönkum, sparissjóðum, opinberum fjárfestingarsjóðum og ríkissjóði, eða með ríkisábyrgð, fé með þeim lánskjörum, að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi erlends gjaldeyris gagnvart íslenskri krónu. Seðlabankinn ákveður hæð vaxta af lánum þessum svo og önnur lánskjör.
- b) Ef samanlagt verðmæti hreinnar gjaldeyri eignar Seðlabankans og skuldabréfa hans með gengistryggingu, sbr. 1. gr., nægir ekki eftir 1. janúar 1975 til að tryggja verðgildi innstæðu Verðjöfnunarsjóðs hjá Seðlabankanum skal það, er á vantar, fært til skuldar ríkissjóði á sérstakan reikning hjá bankanum. Um endurgreiðslu þeirrar skuldar og önnur lánskjör skal gert sérstakt samkomulag milli fjármálaráðherra og Seðlabankans.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 18 4. apríl 1972, um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna (2. gr. laga nr. 15 17. nóv. 1956) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hver sá, sem hefur í hyggju að skipta um aðsetur á tímabilinu 16. nóvember til 1. desember á ári hverju, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn eigi síðar en 15. nóvember, enda liggi þá fyrir, hvert hann flytur. Sama tilkynningar-skylda hvílir á þeim, sem áformar að taka sér nýtt heimilisfang á fyrr greindu tímabili, án þess að hann flytji þangað aðsetur sitt að svo stöddu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar
Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

b-liður 2. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um iðnaðarmálagjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Leggja skal 0.1% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnrekstur í landinu, sem af er greitt iðnlánasjóðsgjald samkv. ákvæðum 5. gr. laga nr. 68 10. október 1967. Skal gjaldstofn þess vera hinn sami og iðnlánasjóðsgjaldsins samkv. ákvæðum þessum. Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki að öllu leyti í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki, sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, nema annars sé gelid í þeim lögum.

Iðnaðarmálagjald skal lagt á af skattstjórum með iðnlánasjóðsgjaldi og innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Gjaldþagi skal vera hinn 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið löglaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

Iðnaðarmálagjald skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts, svo og tekjuútsvars, ef um er að ræða. Óheimilt er að leggja gjaldið við verð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja.

2. gr.

Tekjum af iðnaðarmálagjaldi skal þannig varið:

1. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds Sambands ísl. samvinnufélaga og kaupfélaga innan þess, skal renna til starfsemi í þágu iðnaðar samvinnufélaganna eftir nánari ákvörðun stjórnar sambandsins.
2. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds lagmetisframleiðenda, sem eru aðilar að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, skal renna til þeirra samtaka sem ráðstafa þeim hluta til eflingar lagmetisiðnaðinum í landinu.
3. Eftirstöðvar iðnaðarmálagjaldsins skiptast að jöfnu milli Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, sem hvort um sig ráðstafar sínum hluta til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu.

Aðilar þeir, sem iðnaðarmálagjaldið rennur til samkv. framansögðu, skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal í fyrsta sinn lagt á iðnaðarmálagjald árið 1975 á gjaldstofn ársins 1974.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1971.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

	Þús. kr.
Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1971 er veitt:	
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	9 390
01 Forsætisráðuneytið	7 501
02 Menntamálaráðuneytið	345 205
03 Utanríkisráðuneytið	72 958
04 Landbúnaðarráðuneytið	173 058
05 Sjávarútvegsráðuneytið	40 294
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	118 034
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	462 688
09 Fjármálaráðuneytið	97 400
10 Samgönguráðuneytið	643 911
11 Iðnaðarráðuneytið	23 921
12 Viðskiptaráðuneytið	517 037
13 Hagstofa Íslands	5 606
14 Ríkisendurskoðun	2 081

Samtals 2 519 084

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

18. maí 1975.

Nr. 50.

LÖG

um breyting á lögum nr. 20 8. mars 1954, um váttryggingarsamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 95. greinar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú er sakarefni skipt í skaðabótamáli út af slysi og eingöngu dæmt um skaðabótaskyldu, og getur þá dómur ákveðið, svo að bindandi sé fyrir félagið og aðfararhæft gagnvart því, að tjónvaldur greiði tjónþola ákveðna fjárhæð upp í væntanlegar skaðabætur, er komi til frádráttar, þegar bætur verða endanlega ákveðnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1972.

Til viðbótar við gjöld í 2. gr. fjárlaga 1972 er veitt:

	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	5 005
01 Forsætisráðuneytið	16 430
02 Menntamálaráðuneytið	194 197
03 Utanríkisráðuneytið	26 982
04 Landbúnaðarráðuneytið	19 575
05 Sjávarútvegsráðuneytið	35 585
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	267 083
07 Félagsmálaráðuneytið	15 092
09 Fjármálaráðuneytið	40 141
10 Samgönguráðuneytið	651 104
11 Iðnaðarráðuneytið	141 425
12 Viðskiptaráðuneytið	498 662
13 Hagstofa Íslands	52
14 Ríkisendurskoðun	2 942
Samtals	1 914 275

*Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.***Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

um Viðlagatryggingu Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Setja skal á fót stofnun, er hafi það hlutverk að tryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara.

Stofnun þessi nefnist Viðlagatrygging Íslands. Hún skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn valinn af þeim váttryggingarfélagum, sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 8. gr., en tryggingaráðherra skipar einn og skal hann vera fornaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn.

3. gr.

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands skal gera sérstakt samkomulag við Seðlabanka Íslands um vörslu og ávöxtun fjár og bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal leitast við að tryggja verðgildi fjárins svo sem unnt er á hverjum tíma. Óheimilt er að ráðstafa fé stofnunarinnar til almennra útlána. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir, samkvæmt reglum um endurskoðun reikninga Seðlabankans. Reikningarnir skulu birtir árlega í Lögbirtingablaði.

4. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal váttryggja gegn beinu tjóni af völdum effirtalinna náttúruhamfara: Eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða.

5. gr.

Váttryggingarskyldar eru allar húseignir og lausafé, þar með taldar vörubirgðir, vélar og tæki, sem brunatryggðar eru hjá váttryggingarfélagi, er starfsleyfi hefur hér á landi.

Tryggingarskyldan nær einnig til lausafjár, sem tryggt er samsettri tryggingu, er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík trygging undir eignatryggingar.

6. gr.

Váttryggingarfjárhæðir skulu vera hinar sömu og brunatryggingarfjárhæðir á hverjum tíma.

7. gr.

Eigin áhætta váttryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 100 000.00. Lágmark þetta má hækka eða lækka með reglugerð að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

8. gr.

Árleg iðgjöld skulu vera 0,25% af váttryggingarfjárhæðum tryggðra verðmæta.

Nú er hrein eign stofnunarinnar meiri en 2% af áætluðum váttryggingarfjárhæðum í lok árs og skal þá lækka iðgjöld um helming. Verði hrein eign meiri en 3% af áætluðum váttryggingarfjárhæðum í lok árs, skal innheimta iðgjalda falla niður. Fari eignin niður fyrir 2% af áætluðum váttryggingarfjárhæðum í lok árs, skal hefja innheimtu fullra iðgjalda að nýju. Fari hrein eign niður fyrir 1% af áætluðum váttryggingarfjárhæðum í lok árs, er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld, sbr. 1. mgr., með 100% álagi þar til 2% markinu er náð.

Váttryggingarfélög þau, er brunatryggja eignir þær, sem tryggðar eru hjá stofnuninni, sbr. 5. gr., skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga.

Iðgjöld af tryggingum húseignar njóta lögveðréttar í hinni tryggðu húseign ásamt lóð eða landi, er hún stendur á.

Um innheimtu iðgjalda með uppboði eða lögtaki skal, eftir því sem við á, fara eftir reglum 18. gr. laga nr. 9/1955, 6. gr. laga nr. 25/1954, sbr. 2. gr. laga nr. 37/1965 og 5. gr. laga nr. 59/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1965.

9. gr.

Telji váttryggður að gerst hafi bótaskyldur tjónsatburður, skal hann tilkynna það váttryggingarfélagi því, er selt hefur honum váttrygginguna, svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi innan 30 daga frá því að atburðurinn gerðist. Geri hann það ekki, er niður fallinn allur réttur hans til bóta.

Váttryggingarfélag, er fær slíka tilkynningu, skal innan viku frá því, að tilkynning barst því, tilkynna stjórn Viðlagatryggingar Íslands um tjónsatburðinn. Þegar váttryggingarfélag eða stjórn Viðlagatryggingar Íslands fær tilkynningu eða

vitneskju um tjón, sem ætla má að geti fallið undir tryggingu þessa, skal, svo fljótt sem unnt er, gera ráðstafanir til að fá úr því skorið, hvort um sé að ræða bótaskyld tjón af völdum náttúruhamfara, og láta meta skaðann.

10. gr.

Rísi ágreiningur um, hvort bótaskyldur tjónsatburður hafi gerst eða að tjón sé bótaskyld, skal stjórn stofnunarinnar úrskurða málið. Vilji tjónþoli eigi sætta sig við úrskurð stjórnarinnar, skal hann innan 30 daga frá því, að honum barst tilkynning hennar, skjóta ágreiningnum til hamfaranefndar. Hamfaranefnd skal skipuð af ráðherra til 4 ára og eiga sæti í henni þrjú menn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu raunvísindadeildar Háskóla Íslands.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

11. gr.

Hafi bótaskyldur tjónsatburður gerst, skal stjórnin ákveða, hverjar séu nauðsynlegar ráðstafanir til björgunar tryggðum verðmætum og til að hindra frekara tjón á þeim. Stofnunin skal bera kostnað af slíkum aðgerðum. Aðgerðir þessar skulu, svo sem kostur er, framkvæmdar í samvinnu við Almannavarnir og aðra aðila, sem með slík mál hafa að gera.

12. gr.

Vátryggingarfélag það, er tjónþoli hefur tryggt hjá, skal að jafnaði hafa á hendi tjónsuppgjör. Stjórn stofnunarinnar getur ákveðið, hve stórt tjón vátryggingarfélag megi gera upp. Náist ekki samkomulag um tjónsuppgjör við tjónþola eða tjón nemi hærri fjárhæð en vátryggingarfélagi er heimilt að gera upp, skal stjórnin hafa á hendi uppgjör í samráði við fulltrúa frá vátryggingarfélagi því, er hlut á að máli.

Verði verulegt tjón hjá mörgum vátrygðum samtímis, sem hafa brunatryggt hjá fleiri en einu vátryggingarfélagi, getur stjórnin ákveðið, að hún skuli hafa allt tjónsuppgjör á hendi í samráði við fulltrúa þeirra vátryggingarfélaga, sem hlut eiga að máli.

13. gr.

Heimilt er að lækka eða synja alveg um bætur:

- a. Þegar hús, sem tjón verður á, er reist á stað, sem almennt var vitað fyrirfram, að var hættulegur með tilliti til snjóflóða, skriðufalla eða vatnsflóða. Það telst ætíð almennt vitað í þessu sambandi, ef hús á sama stað hefur oftast en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni.
- b. Þegar styrkleiki húss, byggingarlag og byggingarhættir eru óforsvaranlegir miðað við þær aðstæður, sem algengar eru á byggingarstað, og ljóst er, að tjón hefur orðið meira af þessum sökum.

Nú er bóta vegna tjóns á húseign synjað eða þær lækkaðar vegna atvika, er um ræðir hér að framan, og gilda þá sömu reglur um lausafé það, sem í þeim er geymt.

14. gr.

Nú vill tjónþoli eigi sætta sig við tjónsuppgjör og er honum þá heimilt að skjóta málinu til uppgjörnefndar, en gera skal hann það innan fjögurra vikna frá því, að honum barst endanleg ákvörðun stofnunarinnar.

Uppgjörnefnd skal skipuð af tryggingamálaráðherra til 4 ára. Í nefndinni skulu eiga sæti þrjú menn. Einn skal skipaður eftir tilnefningu Hæstaréttar og skal hann vera formaður, annar eftir tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands og hinn þriðji án tilnefningar.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

15. gr.

Vátryggingarbætur skulu inntar af hendi svo fljótt sem unnt er.

Allar kröfur á hendur stofnuninni fýrnast á tveimur árum frá því að náttúruhamförum þeim lauk, sem orsökkuðu tjónið.

16. gr.

Nú eru tryggðar eignir veðsettar og nær þá veðrétturinn til tryggingarbóta.

17. gr.

Bótaskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers tjónsatburðar takmarkast við 5% af heildarvátryggingarfjárhæð í upphafi hvers árs.

Nemi heildarfjárhæð bótaskyldra tjóna vegna eins tjónsatburðar hærri fjárhæð, skal hlutur allra tjónþola skerðast í sama hlutfalli.

18. gr.

Ríkissjóður endurtryggir án iðgjalds þann hluta einstaks tjóns, sem er umfram 2% af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum í upphafi hvers árs.

Heimilt er stofnuninni að endurtryggja frekar eigin áhættu sína innanlands eða erlendis.

Nú verða bótaskyld tjón það mikil á einu ári, að eignir og endurtryggingar nægja ekki til að greiða þau, sbr. 1. mgr. 17. gr. og er stjórninni þá heimilt að taka lán til að geta fullnægt skuldbindingum stofnunarinnar. Ríkissjóður skal taka sjálfsskuldarábyrgð á slíkum lánnum.

19. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til að styrkja framkvæmdir, sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara.

20. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal vera undanþegin greiðslu tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs og útsvari og aðstöðugjaldi til sveitarsjóða. Skjöl stofnunarinnar skulu vera undanþegin stimpilgjaldi.

21. gr.

Viðlagatrygging Íslands skal taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs hinn 1. janúar 1977, enda falla þann dag úr gildi lög nr. 4 frá 27. mars 1973 og lög nr. 5 28. febrúar 1975, svo og öll lög um breytingu á þeim lögum.

Nemi skuldir Viðlagasjóðs þann dag meiru en eignir, skal ríkissjóður greiða þann mun.

22. gr.

Stjórnin skal semja við vátryggingarfélag þau, sem taka að sér störf fyrir stofnunina, um endurgjald fyrir þau. Náist ekki samkomulag um endurgjaldið skal tryggingamálaráðherra skera úr deilu.

Tryggingamálaráðherra skal að fengnum tillögum stjórnarinnar setja með reglugerð nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laga þessara.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1975.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Bjarnason.

L Ö G

um hússtjórnarskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið, námstími.

1. gr.

Hlutverk hússtjórnarskóla er að veita verklega og bóklega menntun í hagnýtum greinum heimilisfræða og búa nemendur undir:

1. Hirðingu og umönnun heimilis og fjölskyldu.
2. Störf og þjónustu í hússtjórnargreinum og félagsmálum.
3. Framhaldsnám í æðri skólum, t.d. kennaraskólum, félagsmálaskólum, fósturskólum, hjúkrunarskólum, hótelskólum o. fl.

Enn fremur að veita nemendum á skyldunámsstigi kennslu í heimilisfræðum svo og framhaldsskólanemendum, ef þeir hafa slíkt nám sem valgrein, og skal kveða nánar á um þetta í reglugerð.

Kennslan skal miða að því að þroska sjálfstæði, dómgreind og félagsanda nemenda, jafnframt skal hvetja þá til þess að varðveita menningararf þjóðarinnar.

2. gr.

Starfstími hússtjórnarskóla skal vera 28—36 vikur samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytis — kennsla og próf — þar sem verkleg kennsla skiptist í þrjár annir: matreiðslu, sauma og þvott og ræstingu, en bóknám dreifist jafnt á allan námstímamann. Þó getur ráðuneytið ákveðið frávik frá þessu. Um nánari skiptingu í verklegt og bóklegt nám skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Stofna má til framhaldsnáms í hússtjórnar- og heimilisfræðum fyrir þá, sem hyggjast veita forstöðu mötuneytum og viststofnunum. Menntamálaráðuneyti ákveður hvort og hvenær stofna skuli til slíks framhaldsnáms og setur í reglugerð ákvæði um námsgreinar og lengd námstíma.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

- a) Að nemandinn hafi lokið skyldunámi grunnskóla.
- b) Að nemandinn sýni læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólustjóra og skólanefndar. Skólarnir eru bæði fyrir stúlkur og pillta.

5. gr.

Í hússtjórnarskólum skal veita kennslu í því námsefni, sem hér er talið, sbr. þó 15. gr.:

- a) Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
- b) Manneldisfræðigreinum.
- c) Hagfræðigreinum og verkstjórn.

- d) Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
- e) Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.
- f) Handíðagreinum.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

6. gr.

Próf skal halda í lok hverrar annar. Þau skulu vera samræmd í ákveðnum fjölda námsgreina, sem menntamálaráðuneytið ákveður hverju sinni. Í reglugerð skal setja ákvæði um samræmingu prófa og námsbækur. Um próf og einkunnir skal setja ákvæði í reglugerð. Menntamálaráðuneyti skipar prófdómara að fengnum tillögum skólustjóra.

Eins árs nám í hússtjórnarskóla skal veita sömu réttindi til framhaldsnáms og eins árs nám í almennum framhaldsskóla að loknu skyldunámi.

III. KAFLI

Skólastjórn og kennarar.

7. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn hússtjórnarskóla. Menntamálaráðherra skipar skólustjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Hann skipar einnig fasta kennara, að fengnum tillögum skólustjóra og skólanefndar. Til þess að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við hússtjórnarskóla þarf kennarapróf frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands eða frá hliðstæðri menntastofnun erlendis, og einnig má setja eða skipa þá sem kennara, er lokið hafa prófi frá vefnaðarkennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þá eina má setja skólustjóra, er gegnt hafa kennslu í að minnsta kosti eitt ár.

8. gr.

Við hússtjórnarskóla skal starfa skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar, og starfar hún samkvæmt erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefnda af viðkomandi landshlutasamtökum og tvo tilnefnda af nemendum úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en annarra nefndarmanna til fjögurra ára. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.

9. gr.

Skólastjóri fer með stjórn hússtjórnarskóla samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þar um og í samræmi við erindisbréf, er menntamálaráðuneytið setur. Hann ræður stundakennara og annað starfsfólk með samþykki menntamálaráðuneytis. Skólustjóra til aðstoðar skal vera kennararáð. Í kennararáði skulu vera allir fastráðnir kennarar skólans og skólastjóri, sem er sjálfkjörinn formaður. Heimilt er nemendum að kjósa úr sínum hópi einn til tvo fulltrúa í kennararáð til ráðuneytis um málefni nemenda.

10. gr.

Skólastjóri og kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

11. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Orlof.**12. gr.**

Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða hoðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann verður því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar héraðs starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að 2/3 af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur, til tiltekins náms eða námsferða skv. 3. málgr., má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra.

IV. KAFLI**Fjármál.****13. gr.**

Hússtjórnarskólar skulu vera ríkisskólar og kostaðir að fullu úr ríkissjóði. Nemendur skulu þó greiða efniskostnað vegna verklegrar kennslu og kostnað við mótuneyti svo sem gert er í öðrum heimavistarskólum. Nemendur greiði einnig húsaleigu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

14. gr.

Miða skal stærð hússtjórnarskóla við það, að þar sé kennsluaðstaða og annað húsrými fyrir að minnsta kosti 36—40 nemendur. Þar sem sá fjöldi reglulegra nemenda hefur eigi verið síðastliðin tvö ár, getur ráðuneytið ákveðið að skólinn skuli eigi rekinn um sinn eða í öðru formi svo sem námskeiðum. Ef hússtjórnarskóli er eigi rekinn, er heimilt að nota eignir hans til annarrar menningarstarfsemi. Í verklegum greinum, skal nemendafjöldi ekki vera lægri en 12 í hópi að jafnaði. Að fengnum tillögum skólustjóra og skólanefnda skal menntamálaráðuneyti sjá skólanum fyrir nauðsynlegu húsnæði, er nægi til allrar starfsemi þeirra ásamt heimavist og íbúðum handa starfslíði, þar sem þess gerist þörf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Hússtjórnarskólunum skal á sama hátt séð fyrir nægilegum kennslutækjum og bókasafni, sem nemendur hafa aðgang að.

Í reglugerð skal ákveða nánar um lágmarksbúnað skólanna.

V. KAFLI

Handíðaskóli.

15. gr.

Stofna skal 36 vikna handíðaskóla, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum.

Námsefni skal í meginatriðum vera hliðstætt því, sem er í öðrum hússtjórnarskólum, sbr. 5. gr., en þó skal sérstök áhersla lögð á handíða- og textilgreinar.

Heimilt er að ráða kennara við skólann, sem sérstaklega eru þjálfaðir til handíða- eða teiknikennslu, án þess að þeir uppfylli skilyrði 7. gr.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um handíðaskólann og aðra hússtjórnarskóla.

VI. KAFLI

Námskeið.

16. gr.

Heimilt er að starfrækja í hússtjórnar- og handíðaskóla námskeið með mismunandi námsefni og stundafjölda, svo sem framhaldsnámskeið í sérgreinum og námskeið fyrir starfshópa, sem vilja afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum heimilisfræða og handíða, heimilishjálpar o. fl.

Setja skal reglugerð um starfsemi þeirra hússtjórnarskóla, sem starfa eftir föstu námskeiðafyrirkomulagi, svo og önnur námskeið, enda hafi menntamálaráðuneyti samþykkt námskeiðshald, námsefni og námskeiðsgjöld.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólunum.

18. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má setja hverjum skóla sérstaka reglugerð og ákveða þeim mismunandi verkefni, t. d. einungis kennslu í formi námskeiða með lausráðnu starfslíði svo og að skólarnir taki að sér hússtjórnarkennslu þá, sem fram á að fara í grunnskólum, og önnur slík verkefni, ef henta þykir.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að því er varðar þá húsmæðraskóla, sem nú eru starfandi, jafnóðum og samið hefur verið um yfirtöku ríkissjóðs á skuldum þeirra og eignum, ef forráðamenn þeirra æskja, að skólarnir komi undir ákvæði laga þessara. Þangað til skulu um þá gilda áfram lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og lög nr. 49/1967, um skólakostnað.

Yfirtöku ríkissjóðs á eignum og skuldum skólanna fylgir ekki kvöð um, að þeir verði reknir áfram sem húsmæðra(hússtjórnar)skólar, nema umsóknir um skólastvist fullnægi því lágmarki, sem nauðsynlegt telst á hverjum tíma til þess að slíkur skóli verði rekinn.

Gjört að Bessastöðum 26. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Vilhjálmur Hjálmarsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum og skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Starfsemin greinist í eftirtalda þætti:

1. Sandgræðslu, sem er hefting jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlitilla landsvæða.
2. Gróðurvernd, sem stuðlar að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafli lands gegn eyðingu.
3. Gróðureftirlit sem fylgist með notkun gróðurs, vinnur gegn ofnotkun hans og hvers konar skemmdum á gróðurlendum.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hefur umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra.

Landgræðslustjóri skal hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum.

Ráðherra skipar fulltrúa landgræðslustjóra og skulu þeir fullnægja hliðstæðum menntunarskilyrðum. Heimilt er að fela einstökum fulltrúum meðferð ákveðinna þátta starfsins, svo sem gróðurvernd, gróðureftirlit eða sandgræðslu, undir yfirstjórn landgræðslustjóra.

3. gr.

Kaflafyrirsögn verði:

II. kafli. Landgræðsla.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Landgræðsla ríkisins skal kosta kapps um að stöðva jarðvegseyðingu, hvort sem er af völdum uppblásturs, sandfoks eða vatnsrofs. Hún annast og græðslu eyddra og vangróinna landa. Landgræðslustjóri skal kanna eða láta kanna staðhætti, þar sem hætta stafar af jarðvegs- og sandfoki. Þau verkefni skulu ganga fyrir, sem forða eiga verðmætum gróðurlendum frá yfirvofandi hættu.

Landgræðslan hefur eftirlit með þeim löndum, sem þegar hafa verið tekin til græðslu.

Gera skal kostnaðaráætlun um hvert verk áður en hafið er.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er Landgræðslu ríkisins að styrkja sveitarfélög, upprekstrarfélög eða einstaklinga til uppgræðslu, jarðvegs- og gróðurverndaraðgerða, svo sem til að koma upp girðingum í kringum uppblásturssvæði eða vangróið land, græða það og halda við girðingum. Framlög mega nema allt að $\frac{2}{3}$ kostnaðar við þessar framkvæmdir, að meðtöldum þeim framlögum, sem kunna að vera greidd samkvæmt jarðraktarlögum.

Landsvæði, sem að dómi Landgræðslunnar eru í hættu eða þar sem þröngt er í högum og þörf hagabóta, ganga fyrir með slíka aðstoð.

Aðstoð skal binda skilyrðum um meðferð landsins, og er heimilt að krefjast endurgreiðslu á framlagi, ef út af þeim er brugðið.

Landgræðslan skal setja reglur, sem staðfestar eru af landbúnaðarráðherra, um það, með hvaða kjörum og skilyrðum aðstoð er veitt til áburðardreifingar og annarra uppgræðsluáðgerða. Auglýsa skal þessar reglur hverju sinni.

6. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Landgræðslugirðingar skulu vera fjárheldar löggirðingar.

Liggi landgræðslugirðing um alfaraleið, skal vera traust hlið á henni, sem auðvelt er að fara um. Vegfarendum er skylt að loka hliðum, enda sé áminning þess efnis við hliðin. Varðar sektum, ef út af er brugðið, og bótaskyldu, ef tjón verður á gróðri af þeim sökum.

Hver, sem verður þess var, að girðing skemmist svo, að hætta sé á, að hún haldi ekki sauðfé, skal skýra hreppstjóra eða eftirlitsmanni frá því hið fyrsta.

Landgræðslustjóri getur bannað alla umferð um landgræðslusvæði, þar sem honum þykir ástæða til. Skal þá bannið auglýst við girðingarhliðin.

7. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Í hverri sýslu skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Sýslunefnd kýs nefndina til 4 ára í senn, að fengnum tillögum frá viðkomandi búnaðarsambandi. Nefndin kýs sér formann. Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir ummin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslunnar að $\frac{2}{3}$ hlutum og viðkomandi sýslusjóði að $\frac{1}{3}$ hluta.

8. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Gróðurverndarnefndir skulu í samvinnu við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands fylgjast með notkun afrétta og heimalanda í viðkomandi sýslu, vera ráðgefandi fyrir stjórnendur fjallskilamála í umdæminu um notkun og meðferð beittalanda og aðstoða Landgræðslu ríkisins við verndun og eflingu gróðurs.

Gróðurverndarnefndir skulu halda gerðabækur um störf sín og skila árlegum skýrslum til viðkomandi búnaðarsambanda, landnýtingarráðunautar og landgræðslustjóra. Landgræðslustjóri skal setja reglur um störf gróðurverndarnefnda.

9. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Berist gróðurverndarnefnd rökstudd ábending um, að gróðurverndar sé þörf á einstökum jörðum eða stærri landsvæðum, skal nefndin kynna sér málavöxtu og senda landgræðslustjóra greinargerð um málið.

Telji landgræðslustjóri, að um gróðureyðingu og/eða ranga notkun landsins sé að ræða, gerir hann tillögur um, hvornig úr skuli bæta, og leitar samkomulags við landeigendur um framkvæmd úrbóta (sbr. heimildir í 16. gr. laga um afrétta-málefni og fjallskil).

Hafi gróðurverndaraðgerðir verulegan kostnað í för með sér, má veita til þeirra styrk samkvæmt 8. gr. laga þessara.

Þar sem um afréttarlönd er að ræða eða fleiri eigendur eru að landinu, má binda stuðning Landgræðslunnar því skilyrði, að þeir stofni til félagsskapar um framkvæmdirnar. Reglur um stuðning þennan skal setja og birta á sama hátt og kveðið er á um í síðustu mgr. 8. gr.

10. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber að annast rannsóknir á beitarþoli og orsökum gróðureyðingar, og skal fela henni að framkvæma þær rannsóknir, sem um er rætt í 7., 22. og 23. gr. þessara laga.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins ber í samvinnu við Landgræðslu ríkisins að leita eftir nýjum plöntutegundum, sem vænlegar eru til landgræðslu.

11. gr.

42. gr. laganna falli niður.

12. gr.

Fyrir „kr. 1 000 til kr. 20 000“ í 43. gr. laganna komi: kr. 2 000 til kr. 40 000.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 26. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Haldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 2/1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslu skv. 4. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- | | |
|--|----------|
| a. Til lífeyrissjóða sjómanna til þess að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur til sjómanna og aðrar tryggingabætur | 75 m.kr. |
| b. Til þess að létta stofnfjáarkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, með skilyrðum sem ráðuneytið setur | 950 — |
| Gert er ráð fyrir, að greiðslur samkvæmt þessum lið fari fram á þremur árum frá 14. febrúar 1975 að telja. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ráðstafa allt að 400 m.kr. af heildarfjárhæð samkvæmt þessum lið til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3ja ára til að bæta lausafjárstöðu eigenda fiskiskipa og vinnslustöðva. | |
| c. Til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir lánveitingum sjóðsins til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum. Fé þetta greiðist Fiskveiðasjóði sem óafturkræft framlag | 300 — |
| d. Til að bæta eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir, er skip þeirra eru dæmd ónýt, enda sé tjónið ekki bætt með öðrum hætti | 50 — |
| e. Til Ólíusjóðs fiskiskipa til þess að jafna greiðsluhalla hans fram til 15. febrúar 1975 | 80 — |
| f. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa til þess að bæta greiðslustöðu hans | 100 — |
| g. Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir afurðir sildar- og fiskimjölsværksmiðja, til greiðslu verðbóta vegna loðnumjöls og fiskmjöls á vetrarvertíð 1975 | 50 — |
Í kaupstöðum skulu götur og vegir lagðir þar sem ákveðið er í skipulagsuppdrætti. Í kaupþúnum gildir sama, ef skipulagsuppdráttur hefur verið gerður, ella ákveður hreppsnend, hvar götur og vegir skuli liggja innan kaupþúnsins.

Sveitarstjórn ákveður um gerð gatna og vega.

30. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum vegamálastjóra, að svo miklu leyti sem vegáætlun mælir ekki fyrir um, hvaða vegir í kaupstöðum og kaupþúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, skuli teljast þjóðvegir. Við samningu til-lagna sinna skal vegamálastjóri leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar og skipulagsnefndar ríkisins.

Við ákvörðun á því, hvaða vegir skuli teljast þjóðvegir samkvæmt þessum kafla, skal miðað við eftirfarandi:

- 1) Eðlilegt samhengi vegakerfisins sé ekki rofið.
- 2) Um sé að ræða helstu umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, sé um margar leiðir að velja.
- 3) Greið leið fáiast að þeim stöðum byggðarlagsins, sem mikilvægastir eru fyrir at-hafnalíf staðarins, ef vegurinn endar þar.

31. gr.

Áður en vegagerð hefst, skal sveitarstjórn láta gera tæknilega og fjárhagslega áætlun um verkið, og er hún háð samþykki vegamálastjóra.

32. gr.

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárens fara eftir íbúa-fjölda. Skal árlegt framlag vera $12\frac{1}{2}$ af hundraði af heildartekjum vegamála það ár samkv. lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Nú hefur verið ákveðið í reglugerð, hvaða götur teljist þjóðvegir innan kaup-staða eða kauptúna, og skal þá hluta viðkomandi sveitarfélags samkv. 1. mgr. ein-göngu varið til lagningar þeirra og viðhalds.

Greiða má af hluta sveitarfélags kostnað vegna kaupa á fasteignum í þágu þjóð-vegar samkv. þessum kafla laganna.

Kostnað við holræsi, færslur á leiðslum, gangstéttir, umferðarljós, götulýsingu og því um líkt greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag.

Þegar lagningu vega samkv. 2. mgr. er lokið að dómi vegamálastjóra, skal sveitarstjórn verja sínum hluta fjárframlags samkv. 1. mgr., að frádregnum við-haldskostnaði þjóðveganna, til annarrar varanlegrar gatnagerðar.

33. gr.

Vegagerð ríkisins lítur eftir viðhaldi þjóðvega samkvæmt þessum kafla.

Nú telur vegagerðin, að viðhald þjóðveggar sé vanrækt, og ekki fæst úr því bætt, og getur þá vegagerðin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald, sem kostað skal af ríkisframlagi til byggðarlagsins.

34. gr.

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25 af hundraði, og skal því fé ráð-stafað af fjárveitinganefnd Alþingis að fengnum tillögum vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með færri en 200 íbúa.

35. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um eftirlit með því, að fé því, sem sveitarfélögum er veitt samkv. 32. gr., sé varið á þann hátt, sem löggin gera ráð fyrir.

36. gr.

Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald, annarra vega en þjóðvega, í kaup-stöðum, greiðist úr bæjarsjóði, en í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

VI. KAFLI

Um einkavegi.

37. gr.

Einkavegir eru þeir vegir, sem ekki teljast þjóðvegir, sýsluvegir eða fjallvegir, liggja utan skipulagsskyldra svæða og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

38. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna einkavega, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum X. kafla.

Ráðherra getur bundið eignarnámsheimild fyrir einkavegi samkv. 1. mgr. viss-um skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við opinbera vegi.

39. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta samkv. 38. gr., en getur krafist þann, sem bætur á að greiða, um tryggingar, sem gildar eru metnar, þar á meðal fyrir matskostnaði.

40. gr.

Þegar einkavegur er notaður sem umferðarleið að fleiri eignum en einni, eru allir eigendurnir skyldir að halda veginum við, í hlutfalli við not þeirra af honum. Ákvæði þetta breytir í engu áunnum réttindum eða ákvörðunum um viðhald vegarins. Viðhaldsskyldu geta eigendur uppfyllt með því að láta í té efni eða vinnu eða með fjárframlögum.

Það er hér hefur verið ákveðið um viðhald einkavega, skal við sömu aðstæður gilda um endurbætur og endurbyggingu vegar.

41. gr.

Nú verða þeir, sem einkaveg nota, ekki á eitt sáttir um, hverjir hafi rétt til nota af veginum eða um greiðslu viðhaldskostnaðar, og getur þá hver þeirra krafist mats samkvæmt reglum 60. gr.

Þegar $\frac{2}{3}$ þeirra, sem afnotarétt hafa af veginum, eru sammála um, hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum, eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hina, þar á meðal að kostnaður skuli að einhverju eða öllu leyti greiddast af umferðargjaldi.

Þegar skipting kostnaðar hefur verið ákveðin með samkomulagi eða mati, getur endurskoðun ekki farið fram, fyrr en liðin eru 5 ár frá síðustu ákvörðun, nema réttthafar séu sammála um annað.

Útgjöldum, sem einn eða fleiri réttthafar hafa haft af viðhaldi og ekki hefur verið skipt, er ekki hægt að krefjast skipt með matsgjörð, eftir að liðin eru 3 ár frá því að stofnað var til þeirra.

42. gr.

Meiri hluti réttthafa getur ákveðið, að réttthafar velji stjórn eða eftirlitsmann með veginum, til þriggja ára í senn.

Stjórn vegarins eða eftirlitsmaður skal sjá um, að viðhaldsskyldu sé fullnægt, eins og til er tekið í mati eða samkomulagi, og sker úr ágreiningi í því sambandi.

Stjórn eða eftirlitsmaður getur hannað umferð um veginn til að forða veginum frá skemmdum. Vanræki einhver, sem til þess er skyldur, að halda veginum við að sínum hluta, getur stjórnin látið framkvæma viðhald á hans kostnað.

43. gr.

Einkavegir, sem opnir eru fyrir almenna umferð, eru háðir eftirliti Vegagerðar ríkisins, bæði að því er varðar gerð og viðhald. Virðist vegagerðinni vegi áfátt í því efni, þannig að hætta geti stafað af, skal tafarlaust tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra og gera tillögur til úrbóta. Lögreglustjóri getur skyldað eiganda að framkvæma úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn, þar til bót hefur verið á ráðin.

VII. KAFLI

Um fjallvegi, ferjuhald, sæluhús o. fl.

44. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir. Skulu þeir, þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum, taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.

45. gr.

Kostnaður við fjallvegi greiðist úr ríkissjóði, samkvæmt vegáætlun.

46. gr.

Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkv. vegáætlun eða á annan hátt.

47. gr.

Kostnað við bifreiðaferjur til flutnings yfir vötn eða firði og við lendingar-
bætur og bryggjur í sambandi við þær er heimilt að greiða úr ríkissjóði og telja með öðrum kostnaði vegamála.

48. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum vel við og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld né afnema lögferju, nema með samþykki vegamálastjóra.

Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykkt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar vegamálastjóra.

49. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafist þess, að ferjan sé lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöld skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

50. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sé metið álag á ferjuna.

51. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annars staðar þar, er þurfa þykir, og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með viðhaldskostnaði.

VIII. KAFLI

Um greiðslu brúargerðarkostnaðar á sýslu-, einka- og fjallvegum.

52. gr.

Kostnaður við brýr á sýsluvegum greiðist þannig:

- 1) Kostnaður við brýr styttri en 4 m telst með vegagerðarkostnaði.
- 2) Kostnað við brýr yfir 4—10 m haf má greiða úr ríkissjóði að $\frac{1}{4}$ hluta og úr sýsluvegasjóði að $\frac{3}{4}$ hlutum.
- 3) Kostnað við brýr yfir 10 m haf eða lengra má greiða að fullu úr ríkissjóði.
- 4) Kostnaður við viðhald brúa á sýsluvegum greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

53. gr.

Kostnað við brýr á einkavegum yfir 4 m haf og lengra má greiða allt að hálfu úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

54. gr.

Kostnað við brýr á fjallvegum má greiða að öllu leyti úr ríkissjóði.

IX. KAFLI

Um bráðabirgðaafnot lands.

55. gr.

Vegagerð ríkisins er heimilt að framkvæma rannsóknir og byrjunarathuganir, sem nauðsynlegar eru við undirbúning vegagerðar, á hvaða landi sem er. Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegagerðin hefur sett til að marka mælda veglinu, má ekki nema burt án leyfis hennar. Leit að efni til vegagerðar má vegagerðin gera hvar sem vera skal.

56. gr.

Vegagerð ríkisins eru heimil afnot lands fyrir geymslu efnis og fyrir bæki-stöðvar vinnuflokka við lagningu eða viðhald vegar.

57. gr.

Skýlt er landeiganda að leyfa, að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð framrás um land hans.

Til framkvæmdar vetrarviðhaldi má vegagerðin ryðja snjó af vegi út fyrir veginn, ef með þarf.

58. gr.

Um bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands fer eftir ákvæðum X. kafla, eftir því sem við á.

X. KAFLI

Um eignarnám, jarðrask, átroðning o. fl.

59. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa, að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafist og álitid verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljast með kostnaði vegarins. Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir. Vegagerðin skal leitast við að rykbinda þjóðvegi, þar sem þeir liggja um hlöð eða næsta nágrenni íbúðarhúsa, eftir því sem fé er veitt til á vegáætlun.

60. gr.

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

61. gr.

Mat skal fara fram á vettvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal taka tillit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja, og athuga vandlega allt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal. Sérstaklega skal taka tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina. Nú leggst eldri stígur eða vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegarstæði eða götulroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands fyrir hinn nýja veg eða jarðrask, er leiðir af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í sliikum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri vegi eða stíg.

62. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var, þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sérstaklega.

63. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

XI. KAFLI

Um viðhald og reglur fyrir umferð á opinberum vegum.

64. gr.

Þegar vegur er fullgerður eða almenn umferð hefur verið leyfð um hann, skal honum haldið við, eftir því, sem aðstæður leyfa, þannig að hann gegni sem best hlutverki sínu.

65. gr.

Vegagerðin skal, svo fljótt sem við verður komið, eftir að hún hefur fengið vitneskju um vegaskemmdir, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði, þar til viðgerð hefur farið fram.

Vegagerð ríkisins er ekki ábyrg fyrir tjóni, sem hljótast kann af slysum á opinberum vegum, nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna hennar og sannað sé, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt ýrtrustu varkárni.

66. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri, og skal þá telja þann kostnað með öðru viðhaldi vegarins. Heimilt er vegamálastjóra að binda slíkt vetrarviðhald því skilyrði, að allur slíkur kostnaður eða nokkur hluti hans verði endurgreiddur með framlagi úr héraði, sé um þjóðveg að ræða. Sömu heimild hefur sýslunefnd, að því er sýsluvegi snertir.

67. gr.

Vegamálastjóri getur selt þær reglur fyrir umferð, sem nauðsynlegar eru, til þess að girða fyrir skemmdir á vegum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarksþunga bifreiða, er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Vegamálastjóri getur enn fremur bannað umferð ökutækja þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegum. Einnig getur vegamálastjóri bannað alla umferð ökutækja um vegi, sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum, þar til viðgerð er lokið.

XII. KAFLI

Um öryggi vega o. fl.

68. gr.

Heimilt er vegamálastjóra að banna, að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar, sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi í allt að 3 árum hverju sinni.

69. gr.

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu landsbrauta, 20 m frá miðlínu þjóðbrauta og 30 m frá miðlínu hraðbrauta. Verði ágreiningur um, hvar miðlína vegar muni verða, sker vegamálastjóri úr. Þar sem þjóðvegur liggur um skipulagt svæði, skal fjarlægð bygginga frá vegi ákveðin í samræmi við skipulag.

Vörupalla eða vöruskýli vegna mjólkurflutninga skal heimilt að setja nær vegi en um getur í 1. mgr., þó ekki nær en svo, að bifreið geti staðnæmst við skýlið utan akbrautar.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg, nema lægsti hluti línu sé a. m. k. 5 metra frá yfirborði vegar.

70. gr.

Vegamálastjóri getur ákveðið, að fjarlægð mannvirkja frá vegi, samkvæmt 69. gr., skuli aukin. Enn fremur getur vegamálastjóri leyft, að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda sé ekki um varanleg mannvirki að ræða, en slík leyfi eru þó ætíð afturkallanleg.

71. gr.

Óheimilt er að reisa mannvirki, nema með leyfi vegamálastjóra, við vegamót á svæði, sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Vegamálastjóri getur, ef sérstaklega stendur á, fært út mörk þessi, allt að 150 m.

72. gr.

Óheimilt er að grafa framræsluskurði nær vegi en 15 m frá vegmiðju landsbrautar eða þjóðbrautar og 30 m frá miðju hraðbrautar. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi vegagerðarinnar.

73. gr.

Óheimilt er að gera skurði eða önnur mannvirki, sem aukið geta vatnsrennsli í vegskurðum, án leyfis vegagerðarinnar. Enn fremur er óheimilt að leiða holræsi úr íbúðarhúsum, verksmiðjum eða þess háttar í vegskurði. Bannað er og að kasta sorpi eða hvers konar úrgangi á vegi, í vegskurði eða svo nærri vegum, að til lýta sé eða óþæginda.

74. gr.

Girðingar má ekki setja nær vegi en ákveðið er í reglugerð samkvæmt 13. gr. laga þessara.

75. gr.

Um grjótgarða, torfgarða og skíðgarða gilda ákvæði 69. gr.

76. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis vegamálastjóra, nema um einkaveg sé að ræða. Sama bann gildir þar sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarabúanda, hvar mælt hefur verið.

77. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 metrar á breidd, þannig gerð, að hún haldist opin af sjálfu sér, meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Vegamálastjóra er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

78. gr.

Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt, er vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess, sem að réttu ber að halda girðingunni við.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður, ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjó-mokstri.

79. gr.

Nú liggur vegur, stigur eða göturoðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með

hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar, samkv. 1. mgr., má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.

80. gr.

Nú er lagður vegur gegnum land manns, og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum, a. m. k. á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa í veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og skal hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minnsta kosti 3 metra breiða. Landeigandi skal birta vegagerðinni kröfu sína í þessu efni, áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal aðgangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina, sbr. þó 81. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um hraðbrautir.

81. gr.

Óheimilt er að tengja einkavegi þjóðvegum, nema leyfi vegamálastjóra komi til.

XIII. KAFLI

Um skemmdir á mannvirkjum o. fl.

82. gr.

Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi, eða veita vatni á veg.

83. gr.

Enginn má skemma nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, háskamerki eða önnur leiðbeiningamerki, vörður eða sæluhús.

Skemmist eitthvert slíkt mannvirki við árekstur bifreiðar, er bifreiðarstjóra skylt að tilkynna það þegar vegamálastjóra eða umsjónarmanni vegarins eða lögreglustjóra. Skal sá, er valdið hefur árekstrinum, skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

84. gr.

Hver sá, sem notar sæluhús, skal ganga þriflega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum, svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

XIV. KAFLI

Um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

85. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögum, varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri hegning

liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

86. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

XV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

87. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög: Vegalög, nr. 23 16. apríl 1970, með síðari breytingum, nr. 98 28. desember 1970 og nr. 99 28. desember 1972, brúalög, nr. 37 14. apríl 1954, og lög um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102 19. júní 1933, með áorðnum breytingum nr. 50 17. maí 1947 og nr. 37 23. maí 1959, lög um Austurveg, nr. 32 23. apríl 1946, l. nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl., með áorðnum breytingum, nr. 65 5. desember 1958 og 17. gr. l. nr. 4 20. febrúar 1960, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

88. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árinu 1975 skulu dagsetningar í 2. mgr. 21. gr. breytast þannig, að í stað 15. febrúar komi 25. maí og í stað 1. mars komi 1. júní.

Gjört í Reykjavík, 14. júlí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

AUGLÝSING

um vegáætlun fyrir árin 1974—77.

Alþingi hefur hinn 16. maí 1975 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um vegáætlun fyrir árin 1974—1977.

Alþingi ályktar, samkvæmt III. kafla vegalaga, nr. 80 10. júlí 1973, að árin 1974—77 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN.

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1974	1975	1976	1977
I.1. Fastir liðir:				
1. Innflutningsgjald	1 121	1 862	1 962	1 946
2. Þungaskattur	311	495	545	468
3. Gúmmúgjald	105	96	99	104
	————— 1 537	————— 2 453	————— 2 606	————— 2 518
Endurgr. innfl.gjald	18	20	28	28
Endurgr. þungaskattur	15	8	8	8
	————— 33	————— 28	————— 36	————— 36
	————— 1 504	————— 2 425	————— 2 570	————— 2 482
4. Ríkisframlag	362	380	500	500
	————— 1 866	————— 2 805	————— 3 070	————— 2 982
I.2. Sérstök fjáröflun:				
1. Skeiðarársandur	400	116	0	0
2. Hraðbrautir	100		0	0
3. Kópavogur	80			
4. Djúpvogur	80			
5. Aðrar framkvæmdir	500	797	1 050	1 050
	————— 1 160	————— 913	————— 1 050	————— 1 050
	————— 3 026			
I.3. Fjárveit. til greiðslu halla 1974:				
Halli í lok árs 1974	418,4			
Fjárveiting til gr. halla 1974	÷ 60,0			
Markaðar tekjur umfr. áætl.	÷ 29,8			
	————— 328,6			
Aukafjárv. til greiðslu halla	328,6			
	————— 328,6			
Samtals	3 354,6	3 718	4 120	4 032

II. SKIPTING ÚTGJALDA.

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1974	1975	1976	1977
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	54,0	73,0	73,0	73,0
2. Verkfræðil. undirbún.	51,3	87,0	91,0	94,4
3. Umferðatalning	7,7	12,5	12,5	12,5
4. Eftirlaunagreiðslur	8,2	10,5	11,5	12,1
	----- 121,2	----- 183,0	----- 188,0	----- 192,0
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Sumarviðhald	649,0	854,0	888,0	888,0
2. Vetrarviðhald	67,4	194,7	194,7	194,7
3. Vegmerkingar	9,6	13,3	13,3	13,3
	----- 726,0	----- 1 062,0	----- 1 096,0	----- 1 096,0
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Hraðbrautir	516,3	890,3	1 081,0	672,0
2. Þjóðbrautir	129,2	239,9	352,6	252,0
3. Landsbrautir	163,3	209,7	263,4	285,0
4. Girðingar og uppgræðsla	28,3	40,0	40,0	40,0
5. Sérstakar áætlanir:				
1. Skeiðarársandur	400,0	116,0		
2. Austurlandsáætlun	107,0	145,0	177,0	75,0
3. Norðurlandsáætlun	175,6	200,0	175,0	175,0
4. Djúpvegur	105,3	25,0	25,0	25,0
5. Þingvallavegur	81,0	0,0	0,0	0,0
6. Aðrar framkvæmdir	0,0	0,0	0,0	500,0
	----- 1 706,0	----- 1 865,9	----- 2 114,0	----- 2 024,0
2.4. Til fjallvega o. fl.:				
1. Aðalfjallvegir	4,7	7,0	7,0	7,0
2. Aðrir fjallvegir	6,9	20,1	14,0	14,0
3. Reiðvegir	0,5	1,0	1,0	1,0
4. Þjóðgarðavegir og vegir að fjöl- söttum ferðamannastöðum	0,0	7,0	10,0	0,0
	----- 12,1	----- 35,1	----- 32,0	----- 22,0
2.5. Til brúargerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	90,8	122,0	183,0	184,0
2. Smábrýr	20,6	29,0	43,0	33,0
	----- 111,4	----- 151,0	----- 226,0	----- 217,0
2.6. Til sýsluvega	38,0	85,0	104,0	106,0
2.7. Til vega í kaupst. og kaupt.	183,7	285,0	296,0	310,0
2.8. Til véla- og áhaldakaupa:				
1. Til véla- og verkfæraкупа	18,0	20,0	20,0	20,0
2. Til byggingar áhaldahúsa	10,6	18,0	30,0	30,0
	----- 28,6	----- 38,0	----- 50,0	----- 50,0
2.9. Til tilrauna í vegagerð	9,2	13,0	14,0	15,0
2.10. Halli á vegáætlun:				
1. Í lok árs 1973	267,0			
2. Halli á árinu 1974	151,4			
	----- 418,4	----- 3 718,0	----- 4 120,0	----- 4 032,0
	3 354,6			

SUNDURLIÐUN:

2.3 Til nýrra þjóðvega.

1. Hraðbrautir:

Vegnr.	Vegheiti Kafalaheiti	Fjárveitingar í millj. kr.	
		1975	1976
1	Suðurlandsvegur		
01	Í Flóa	170	65
34	Eyrbakkavegur		
02	Selfoss—Þorlákshafnarvegur		10
02	Um Ölfusárós (rannsóknir og hönnun)	5	
38	Þorlákshafnarvegur		
02	Þrengslavegur—Þorlákshöfn	61.6	
1	Vesturlandsvegur		
16	Um Kiðafell	25	47
19	Um Múlanes	47	
40	Hafnarfjarðarvegur		
02	Í Kópavogi	115	76
03	Kópavogslækur—Arnarnes	44	90
45	Garðskagavegur		
01	Keflavík—Garður	40	53
1	Vesturlandsvegur		
05	Um Borgarfjörð	135	390
11	Í Norðurárdal	35	30
51	Akranesvegur		
01	Vesturlandsvegur—Akranes		49
61	Djúpvegur		
20	Flugvöllur—Hnífsdalur	38	30
1	Norðurlandsvegur		
03	Laugarbakki—Norðurbraut		16.8
05	Víðidalsv. v.—Víðidalsv. ey.		7
06	Víðidalsv. ey.—Gljúfurá	5.7	
08	Við Blönduós	75	80
72	Hvammstangavegur		
01	Norðurlandsvegur—Hvammstangi		15.2
75	Sauðárkróksbraut		
01	Norðurlandsvegur—Reynistaður		12
1	Norðurlandsvegur		
05	Norðan Akureyrar	80	70
08	Á Svalbarðsströnd	11	40
99	Hafnarvegur		
01	Austurlandsvegur—Höfn	3	
		Samtals	890.3 1081

2. Þjóðbrautir:

1	Suðurlandsvegur		
08	Um Hrifunesheiði		4.6
10	Á Mýrdalssandi	10.0	10.0
12	Austan við Vík	0.3	10.3
14	Skarphóll—Skeiðflötur	11.1	2.0
16	Sýslumörk—Raufarfellsvegur	0.7	

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr.	
		1975	1976
17	Um Steina		15.5
17	Við Hvamm	14.5	
30	Skeiða- og Hrunamannavegur		
02	Ólafsvallavegur—Brautarholt		10.0
31	Skálholtsvegur		
01	Við Reyki	3.1	
35	Biskupstungnabraut		
04	Við Brúará	10.4	
36	Þingvallavegur		
01	Sýslumörk—Stardalur	2.4	
45	Garðskagavegur		
03	Gerðar—Sandgerði		3.0
54	Ólafsvíkurvegur		
02	Um Urriðaá		10.0
07	Um Grólulæk og Viðralæk		4.5
11	Um Hvalsá og Fossá	30.0	
56	Stykkishólmsvegur		
03	Síkisá—Nesvogur		9.0
57	Snæfellsnesvegur		
03	Norðan Laxár		1.5
60	Vestfjarðavegur		
04	Brautarholt—Þorbergsstaðir		10.0
60	Vestfjarðavegur		
01	Garpsdalur—Gróustaðaá		9.0
03	Tindar—Skáldastaðir		23.0
09	Kleifastaðir—Fjarðarhorn	14.0	7.0
14	Um Hörgsnes	40.0	40.0
21	Svalvogavegur—Ketilseyri	6.0	15.0
24	Kirkjuból—Valþjófsdalsvegur	8.0	
25	Rannsóknir í Dýrafirði og Önundarfirði	1.0	1.0
26	Breiðadalsheiði	1.0	1.0
61	Djúpvegur		
01	Tenging Inndjúps við A.-Barð. (ranns.)	2.0	
05	Um Arngerðareyri		8.0
08	Um Eyri í Mjóafirði		6.0
09	Um Laugardalsá		5.0
19	Arnardalur—flugvöllur	6.0	15.0
68	Hólmavíkurvegur		
05	Stóra-Hvalsá—Sauðanes		14.0
76	Siglufjarðarvegur		
10	Almenningsnöf—Siglufjörður		2.0
82	Ólafsfjarðarvegur		
02	Knappsstaðir—Siglufjarðarv.	12.2	2.2
1	Norðurlandsvegur		
01	Grjótá—Öxnadalsá		10.0
11	Norðausturv.—Aðaldalsv.		4.5
12	Aðaldalsv.—Brún	8.5	
17	Kísiliðja—Austaraselsheiði		9.0
17	Austan Námaskarðs		6.4

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr.	
		1975	1976
82	Ólafsfjarðarvegur		
06	Rípill—Ólafsfjörður	1.5	
06	Undirbúningur að vegsvölum		5.0
85	Norðausturvegur		
14	Arnarstaðir—Kópasker	9.8	
22	Sveinungsvík—Krossavík		2.8
26	Hafralónsá—Langanesv.		3.1
1	Austurlandsvegur		
04	Kverkfjallal.—Lindará	0.3	
14	Egilsstaðir—Upphéraðsv.	15.4	
17	Víðilækur—Axarvegur		19.7
37	Hafnarvegur—flugvöllur	3.5	
40	Hólmur—Smyrlabjörg		13.5
44	Jökulsá—Fjallsá	20.0	30.0
85	Norðausturvegur		
03	Miðfjarðará—Hafnarvegur	2.2	
07	Vesturdalsv.—Vopnafjörður	6.0	10.0
		Samtals	239.9
			352.6

3. Landsbrautir:

25	Dykkvabæjarvegur		
02	Djúpós—Dykkvibær		1.6
26	Landvegur		
03	Brúarlundur—Skarð	0.7	
204	Meðallandsvegur		
01	Um Tungulæk		1.2
02	Um Eldvatn		4.4
208	Búlandsvegur		
01	Suðurlandsvegur—Búland		1.6
214	Kerlingardalsvegur		
01	Við Fagradal	1.3	
215	Reynishverfisvegur		
01	Suðurlandsvegur—Presthús		1.6
261	Fljótshlíðarvegur		
02	Hvolsvöllur—Deild		8.0
02	Deild—Hlíðarendi	11.4	
268	Þingskálavegur		
01	Við Þingskála	1.0	
275	Ásvegur		
01	Um Skammalæk		6.7
33	Gaulverjabæjarvegur		
02	Um Baugsstaðasíki	4.0	5.3
308	Hamarsvegur		
01	Skógsnes—Sýrlækur		4.6
340	Auðsholtsvegur		
01	Við Syðra-Langholt	0.2	
341	Langholtsvegur		
01	Flúðir—Syðra-Langholt	0.5	
350	Grafningsvegur		
01	Torfastaðir—Hlíð		5.0

Vegnr.	Vegheiti Kafllaheiti	Fjárveitingar í millj. kr.	
		1975	1976
356	Tjarnarvegur		
01	Ofan Vatnsleysu		1.6
358	Einholtsgvegur		
01	Á Einholtsmelum	2.0	
44	Hafnavegur		
01	Flugvöllur—Stapafellsvegur	9.0	13.0
48	Kjósarskarðsvegur		
02	Meðalfellsvegur—sýslumörk	2.1	
410	Elliðavatnsvegur		
01	Suðurlandsvegur—Reykjanesbraut	2.2	2.1
460	Eyrarfjallsvegur		
01	Miðdalur—Bær		2.9
50	Borgarfjarðarbraut		
01	Um Draga		2.0
59	Laxárdalsvegur		
01	Höskuldsstaðir—Hornsstaðir	13.0	
503	Akrafjallsvegur		
02	Við Akranes	6.0	
505	Melasveitarvegur		
01	Ás—Súlunes	2.0	1.5
510	Vatnshamravegur		1.5
511	Hvanneyrarvegur		
01	Vesturlandsvegur—Hvanneyri	1.4	6.0
519	Reykholtsgvegur		
01	Stóri-Ás—Giljar		5.0
528	Norðurárdalsvegur		
01	Glitstaðir—Skarðshamrar		7.0
574	Útnesvegur		
	Snjóastaðir	2.5	6.0
586	Haukadalsvegur		
01	Vestfjarðavegur—Smyrlahóll		10.0
590	Klofningsvegur		
04	Efribyggðarvegur—Ballará	8.0	10.0
59	Laxárdalsvegur		
01	Um Laxá	2.0	
64	Flateyrarvegur		
01	Vestfjarðavegur—Flateyri	3.0	
619	Ketildalavegur		
03	Bíldadalur—Bakkadalsá		4.0
622	Svalvogavegur		
03	Þingeyri—flugvöllur	2.0	
05	Hraun—Svalvogar	1.0	
624	Ingjaldssandsvegur		
01	Vestfjarðavegur—Núpur	1.0	
03	Gerðhamrar—Sæból	2.0	
625	Valþjófsdalsvegur		
02	Flugvöllur—Kirkjuból		3.0
643	Strandavegur		
08	Árnes—Melar		3.0
645	Drangsnesvegur		
02	Drangsnes	13.9	
74	Skagastrandarvegur	7.7	

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr.	
		1975	1976
704	Miðfjarðarvegur		
01	Norðurlandsv.—Vesturárdalsv.		3.6
706	Núpsdalsvegur		
01	Miðfjarðarv.—Miðfjarðarv.		2.0
711	Vatnsnesvegur		
01	Hvammstangi—Skarð	6.4	
05	Valdalækur—Vesturhópshólar	3.1	
714	Fitjavegur		
02	Neðrifitjar—Miðfjarðarvegur		5.1
715	Viðidalsvegur vestri		
01	Hvarf—Kolugil		2.4
725	Miðásavegur		
01	Norðurlandsvegur—Hæll		0.3
726	Auðkúluvegur		
01	Reykjabraut—Svínvetningabraut		9.0
732	Kjalvegur		
01	Svínvetningabraut—Eiðsstaðavegur	0.6	
733	Blöndudalsvegur		
01	Svínvetningabraut—Austurhlíð	0.6	
741	Neðribyggðarvegur		
01	Skagastrandarvegur—Skagastrandarvegur		6.7
744	Þverárfjallsvegur		
02	Engjadalur—Skagavegur		2.4
745	Skagavegur		
02	Hlíð—Krókssel	1.5	1.7
03	Krókssel—Hafnaá		0.6
04	Hafnaá—sýslumörk	7.3	
06	Keta—Selnes	2.6	
09	Þverárfjallsvegur—Sauðárkrókur	10.2	1.8
752	Skagafjarðarvegur		
01	Norðurlandsvegur—Efribyggðarvegur		7.7
02	Efribyggðarvegur—Svartárdalsvegur		1.5
754	Héraðsdalsvegur		
01	Skagafjarðarvegur—Kjálkavegur		2.5
757	Tunguhálsvegur		
01	Skagafjarðarvegur—Héraðsdalsvegur		1.5
762	Sæmundarhlíðarvegur		
01	Sauðárkróksbraut—Fjall	4.0	2.0
764	Hegranesvegur vestri		
01	Hegranesvegur—Helluland	1.0	10.0
83	Grenivíkurvegur		
02	Fnjóskadalsv. eystri—Grenivík		4.2
802	Ólafsfjarðarvegur eystri		
01	Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur	8.5	
805	Svarfaðardalsvegur		
01	Ólafsfjarðarvegur—Tunguvegur	7.5	
815	Hörgárdalsvegur		
01	Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur		10.2
816	Dagverðareyjarvegur		
01	Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur	2.1	

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr.	
		1975	1976
821	Eyjafjarðarbraut vestri		
02	Finnastaðavegur—Eyjafjarðarbraut e.	4.0	9.8
829	Eyjafjarðarbraut eystri		
01	Norðurlandsvegur—Munkaþverá		4.0
835	Fnjóskadalsvegur eystri		
01	Norðurlandsvegur—Böðvarsnes	0.4	
842	Bárðardalsvegur vestri		
02	Hlíðarendi—Bárðardalsvegur e.		2.4
843	Lundarbrekkuvegur		
01	Bárðardalsvegur e.—Viðiker	1.0	4.6
847	Stafnsvegur		
01	Norðurlandsvegur—Stafn		2.5
848	Mývatnssveitarvegur		
02	Garður—Norðurlandsvegur	3.5	
853	Hvammavegur		
01	Aðaldalsvegur—Mývatnsvegur	3.0	
854	Staðarbraut		
01	Aðaldalsvegur—Hvammavegur	1.1	
856	Laxárdalsvegur		
01	Staðarbraut—Halldórsstaðir	1.3	0.5
861	Vestursandsvegur		
01	Norðausturvegur—Nýjabæjarvegur	6.0	
865	Gilbakkavegur		
01	Norðausturvegur—Gilbakki		5.0
868	Laxárdalsvegur		
01	Norðausturvegur—Laxárdalur	1.6	
94	Borgarfjarðarvegur		
03	Eiðar—Steinsvað	0.8	10.0
08	Njarðvík—Borgarfjörður	3.1	
917	Hlíðarvegur		
02	Hallgeirsstaðir—Eyjavegur	0.5	
919	Sunnudalsvegur		
01	Hlíðarvegur—Guðmundarstaðir		4.8
923	Jökuldalsvegur		
01	Austurlandsvegur—Hákonarstaðir	4.5	
924	Jökuldalsvegur eystri		
02	Refshöfði—Austurlandsvegur		7.9
925	Hróarstunguvegur		
02	Húseyjarvegur—Lagarfoss	7.1	
929	Fellsvegur		
01	Austurlandsvegur—Staffell	1.5	
931	Upphéraðsvegur		
01	Austurlandsvegur—Rauðilækur	2.2	
03	Skeggjastaðir—Brekkgugerði	0.5	
08	Hallormsstaður—Gunnlaugsstaðir		10.1
944	Lagarfossvegur		
01	Brú—Tunguvegur	0.4	
951	Vestdalseyrarvegur		
01	Vestdalseyri—Grýtueyri		6.2

Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	Fjárveitingar í millj. kr.	
		1975	1976
953	Mjóafjarðarvegur		
02	Háheiði—Fjörður	5.6	
954	Helgustaðavegur		
02	Mjóeyri—Stóra-Breiðuvík	0.7	
962	Norðurdalsvegur		
01	Um Hlíðarenda	0.4	
964	Breiðdalsvegur		
01	Austurlandsvegur—Flaga	5.2	
986	Rauðabergsvegur		
01	Austurlandsvegur—Holtasel		1.8
Samtals		209.7	263.4

5.2. Austurlandsáætlun.

1	Austurlandsvegur		
25	Axarvegur—Urðarteigur	15.5	
29	Melrakknes—Hof		11.5
85	Norðausturvegur		
12	Teigará—Bæjaröxl	15.0	
92	Norðfjarðarvegur		
02	Seyðisfjarðarvegur—Mjóafjarðarvegur	5.6	
05	Suðurfjarðavegur—Reyðarfjarðarvegur	1.0	
10	Ganganunni—E.-Kirkjuból	48.6	118.4
93	Seyðisfjarðarvegur		
03	Sýslumörk—kaupstaður	21.8	23.0
03	Vatnshæðaárbrú	8.3	
03	Fjarðarárbrú	10.8	
96	Suðurfjarðavegur		
02	Eyri—Hafranes	1.0	
08	Vík—Gvendarnes	15.0	24.1
08	Merkigil—Lönd	2.4	
Samtals		145.0	177.0

5.3. Norðurlandsáætlun.

	1975	1976	Óskipt 1977
STRANDABYGGÐ	20	10	12
68 Hólmavíkurvegur			
05 Kolbeinsá—Guðlaugsvík	20	10	
HÚNABYGGÐ	40	40	50
1 Norðurlandsvegur			
02 Staður—Melstaður	25	25	
10 Í Langadal	15	15	

		Fjárveitingar í millj. kr.		
		Óskipt		
		1975	1976	1977
SKAGAFJARÐARBYGGÐ		60	46	30
75	Sauðárkróksbraut			
05	Um Hegranes	40	36	
76	Siglufjarðarvegur			
08	Móskógur—Brúnastaðir	13	10	
1	Norðurlandsvegur			
14	Í Blöndublið	7		
EYJAFJARÐARBYGGÐ		39	43	40
82	Ólafsfjarðarvegur			
01	Hörgá—Hof		10	
01	Hof—Reistará	14		
1	Norðurlandsvegur			
01	Á Öxnadalshéiði	9	18	
08	Um Svalbarðsströnd		15	
10	Hjá Hálsi í Fnjóskadal	16		
SKJÁLFAFANDABYGGÐ		19	8	21
85	Norðausturvegur			
01	Lokið frkv. frá '73—'74 í Köldukinn	19		
01	Árland—Gvendarstaðir		8	
NORÐAUSTURBYGGÐ		20	26	20
85	Norðausturvegur			
17	Kópasker—Raufarhöfn	9	11	
25	Frá Hölkná að Syðri-Brekku	11	15	
Verkfræðilegur undirbúningur		2	2	2
Samtals		200	175	175

2.5. Til brúagerða.

1. Til brúa 10 m og lengri.

	1975	Fjárveltingar í millj. kr. 1976
Litla-Þverá í Fljótshlíð (261)	6.9	
Steinslækur hjá Sumarliðabæ (sýsluv.)	1.7	
Tunguá hjá Iðunnarstöðum (sýsluv.)	5.8	
Hörðudalsá hjá Vífildal (sýsluv.)	7.7	
Haukadalsá í Haukadál (sýsluv.)	3.8	
Villingadalsá í Haukadál (sýsluv.)	3.8	
Laxá í Hvammssveit (590)	2.4	
Laxá á Laxárdalsheiði (59)	11.0	
Melrakkadalsá (1)	2.7	
Laxá á Þverárfjallsvegi (744)	5.3	4.3
Skjóldalsá í Eyjafirði (821)	7.1	
Djúpadalsá í Eyjafirði (821)	16.2	
Kverká á Langanesi (sýsluv.)	10.9	
Hölkna í Bakkafirði (85)	12.5	
Jökulsá hjá Merki (sýsluv.)	11.9	
Staðará á Jökuldal (1)	10.2	
Lagarfljót hjá Fossi (944)	2.1	
Tungulækur í Landbroti (203)		8.5
Eldvatn hjá Syðri-Fljótum (203)		5.0
Bjarnardalsá (1)		20.0
Urriðaá (54)		6.4
Þingmannaá (60)		15.4
Laugadalsá í Djúpi (61)		19.6
Hvalsá í Hrútafirði (68)		10.8
Vatnsdalsá hjá Undirfelli (722)		7.8
Laxá hjá Tindum (724)		5.0
Laxá hjá Hvammi (sýsluv.)		7.8
Öxnadalsá hjá Hrauni (sýsluv.)		5.5
Mjóadalsá hjá Mýri (aðalfjallv.)		20.6
Vesturdalsá hjá Haugsstöðum (sýsluv.)		10.0
Vesturdalsá hjá Fremri-Hlíð (sýsluv.)		7.4
Kolgríma í Suðursveit (1)		28.9
Samtals	122.0	183.0

III. FLOKKUN VEGA

3.1. ÞJÓÐVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM

Suðurlandskjördæmi.

- 1 Suðurlandsvegur: Af sýslumörkum á Skeiðarársandi, um Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun og Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Rangárvelli, Holt, Þjórsá, Flóa, Ölfus, Hellisheiði að sýslumörkum við Sandskeið.
- 22 Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum: Af vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleitishverfi að Stórhöfðavita.
- 25 Þykkvabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá á Ásveg hjá Miðkoti í Þykkvabæ.
- 26 Landvegur: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land um Galtakæk austan við Þjórsá hjá Búrfelli á Þjórsárdalsveg austan Sandafells.
- 202 Prestbakkavegur: Af Suðurlandsvegi austan Breiðbalakvíslar, um Prestbakkavöll, að heimreið að Prestbakka.
- 203 Geirlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Skaftárbrúar, um brú á Stjórn að heimreið að Geirlandi.
- 204 Meðallandsvegur: Af Suðurlandsvegi við Skaftárbrú, niður Landbrot austanvert, um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum, um Langholt og Leiðvöll í Meðallandi, á Suðurlandsveg austan Eldvatns.
- 206 Holtsvegur á Síðu: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú að vegamótum hjá Heiði.
- 208 Búlandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu, að heimreið að Búlandi.
- 210 Ljótárstaðavegur: Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að vegamótum að Snæbýli.
- 211 Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Herjólfssstaði á Hryggjaveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
- 212 Hryggjavegur: Af Álftaversvegi nálægt Holli um Jörvíkurhryggi á Álftaversveg hjá Þykkvabæjarklaustri.
- 214 Kerlingardalsvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagradal, inn með Kerlingardalsá, að heimreið að Bólstað.
- 215 Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fossholtum að Presthúsum.
- 216 Reynisvegur: Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka, um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reynisdal.
- 218 Dyrhólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvamm í Mýrdal að heimreið að Dyrhólum.
- 219 Péturseyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan Péturseyjar, um Pétursey og Eyjarhóla, á Suðurlandsveg vestan Péturseyjar.
- 242 Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kaldaklifsár, um Raufarfellsbæi, á Suðurlandsveg austan Svaðbælisár.
- 243 Leirnavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Svaðbælisár, um Rauðsbakka og Leirnahverfi, á Suðurlandsveg austan við Steina.
- 245 Hverfisvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Holtshverfi, á Suðurlandsveg austan Írár.
- 246 Skálavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Holtsár, um Skálabæi, á Suðurlandsveg austan við Hvamm.
- 247 Sandhólmavegur: Af Suðurlandsvegi við Hvamm, um Efraholt, á Suðurlandsveg hjá Fitjamýri.
- 249 Þórsmerkurvegur: Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Stóru-Mörk og Merkurengjar í Húsadal í Þórsmörk.
- 250 Dímonarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg við Eyvindarmúla.

- 251 Hólmabæjavegur: Af Suðurlandsvegi á Markarfljótsaurum um Dalsel og Borgareyrar á Landeyjaveg nálægt Sandtjörn.
- 252 Landeyjavegur: Af Suðurlandsvegi austan Affalls, um Miðey, Bergþórshvol, Þúfu og Fróðholt á Suðurlandsveg austan Þverár.
- 254 Hólmavegur: Af Landeyjavegi sunnan Álftarhóls að Hólmum.
- 255 Akureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi við Hemlu, um Strönd á Landeyjaveg nálægt Akurey.
- 257 Ártúnsvegur: Af Landeyjavegi vestan Fróðholts um Ártún á Landeyjaveg hjá Eystra-Hóli.
- 261 Fljótshlíðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múla-koí að Háamúla.
- 262 Vallarvegur: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
- 264 Rangárvallavegur: Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár upp Rangárvelli, um Keldur og Gunnarsholt niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan Varmadals.
- 266 Oddavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Vindási.
- 268 Þingskálavegur: Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts, um Þingskála og Hóla, um brú á Rangá ofan við Galtalæk á Landveg norðan Galtalækjar-skógar.
- 271 Árbæjarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteins-höfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
- 273 Bugavegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Velleifsholti.
- 275 Ásvegur: Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Háfshverfi og Þykkvabæ að Unuhóli.
- 282 Ásmundarstaðavegur: Af Suðurlandsvegi við Áshól um Ásmundarstaði á Ásveg við Áshverfi.
- 284 Heiðarvegur: Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gislholt, á Hagabraut.
- 286 Hagabraut: Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Raffholt, Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
- 288 Hamravegur: Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa að Syðri-Hömrum.
- 30 Skeiða- og Hrunamannavegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa, um Skeið, hjá Reykjum, um brú á Stóru-Laxá, hjá Hrepphólum, um Flúðir, Skipholt og yfir Hvítá hjá Brúarhlöðum á Biskupstungnabraut norðan Brattholts.
- 31 Skálholtsvegur: Af Skeiða- og Hrunamannavegi hjá Reykjum um Laugarás og Skálholt á Biskupstungnabraut hjá Spóastöðum.
- 32 Þjórsárdalsvegur: Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, um Þjórsárholt sunnan Miðfells, upp Þjórsárdal, um Skeljafell norðan Bjarnalóns, yfir Þjórsá hjá Sandafelli, yfir Tungnaá hjá Sigöldu að Sigölduvirkjun.
- 33 Gaulverjabæjarvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokks-eyri á Eyrarbakkeveg ofan Eyrarbakka.
- 34 Eyrarbakkevegur: Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi um Eyrarbakka og Ölfusárós, á Þorlákshafnarveg.
- 35 Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi vestan Selfoss, um brú á Sogi, Svínavatn, brú á Brúará, Vatnsleysu, Múla og Geysi að Gullfossi.
- 36 Þingvallavegur: Af Biskupstungnabraut austan við Sog, um Ljósafoss, austan Þingvallavatns, um Gjábakka og Þingvöll, að sýslumörkum á Mosfellsheiði.
- 37 Laugarvatnsvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni, um Laugarvatn á Biskupstungnabraut hjá Múla.
- 38 Þorlákshafnarvegur: Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
- 39 Þrengslavegur: Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni, um Þrengsli á Þorlákshafnarveg í Ölfusi.
- 302 Urriðafossvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Þjórsár, um Urriðafoss yfir Vill-ingaholtsveg, um Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.

- 303 Ölvisholtsgvegur: Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði um Miklholtshelli að vegamótum við Ölvisholt.
- 304 Oddgeirshólavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði að vegamótum við Austurkot og Oddgeirshóla.
- 305 Villingaholtsgvegur: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
- 308 Hamarsvegur: Af Gaulverjabæjarvegi hjá Gaulverjabæ, um Hamar og Skógsnes, á Villingaholtsgveg hjá Sýrlæk.
- 309 Kolsholtsgvegur: Af Villingaholtsgvegi hjá Vatnsenda að vegamótum að Kolsholtshelli.
- 310 Votmúlavegur: Af Eyrarbyggðavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
- 311 Önundarholtsgvegur: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalhólts, um Súluholt, á Villingaholtsgveg norðan Önundarholts.
- 312 Vorsabæjarvegur í Flóa: Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
- 314 Holtsgvegur: Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt á Gaulverjabæjarveg á Stokkseyri.
- 316 Kaldaðarnesvegur: Af Eyrarbyggðavegi nálægt Sandvík að vegamótum að Hreiðurborg.
- 318 Langholtsgvegur í Flóa: Af Suðurlandsvegi nálægt Túni að Langholti.
- 321 Skeiðháholtsgvegur: Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt á Skeiðaveg móti Löngumýri.
- 322 Ólafsvallavegur: Af Skeiðavegi að Ólafsvöllum.
- 324 Vorsabæjarvegur: Af Skeiðavegi hjá Brautarholti að vegamótum að Fjalli.
- 325 Gnúpverjavegur: Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði á Þjórsárdalsveg vestan Þverár.
- 326 Hælsvegur: Af Gnúpverjavegi vestan Kálfár, hjá Hæl að heimreið að Lækjarbakka.
- 328 Stóra-Núpsvegur: Af Þjórsárdalsvegi hjá Minna-Núpi á Gnúpverjaveg við Ásakóla.
- 329 Mástunguvegur: Af Gnúpverjavegi ofan við Ása um Stóru-Mástungu að Skáldabúðum.
- 340 Auðsholtsgvegur: Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár, um Syðra-Langholt að Auðsholti.
- 341 Langholtsgvegur: Af Hrunamannavegi hjá Flúðum á Auðsholtsgveg hjá Langholti.
- 344 Hrunavegur: Af Hrunamannavegi við Flúðir um Hruna á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs.
- 345 Kaldbaksgvegur: Af Hrunavegi hjá Hruna að heimreið að Þverspyrnu.
- 349 Tungufellsgvegur: Af Hrunamannavegi við Dalsá að heimreið að Jaðri.
- 350 Grafningsvegur neðri: Af Biskupstungnabraut við Alviðru á Grafningsveg efri við Úlfhljótsvatn.
- 351 Búrfellsgvegur: Af Þingvallavegi hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
- 353 Kiðjbergsgvegur: Af Biskupstungnabraut austan Seyðishóla að heimreið að Gelti.
- 354 Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svinavatns.
- 355 Reykjavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum á Laugarvatnsveg hjá Brúará.
- 356 Tjarnarvegur: Af Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu á Reykjaveg hjá Tjörn.
- 358 Einholtsgvegur: Af Biskupstungnabraut við Tungufljótsbrú, um Einholt á Hrunamannaveg sunnan Gýgjarhóls.
- 359 Bræðratunguvegur: Af Einholtsgvegi norðan Tungufljóts að Ásakoti.

- 360 Grafningsvegur efri: Af Þingvallavegi við Írafoss, um Grafning á Þingvallaveg norðan Heiðarbæjar.
- 364 Eyjavegur: Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að heimreið að Útey.
- 365 Gjábakkavegur: Af Laugarvatnsvegi hjá Laugarvatni á Þingvallaveg við Gjábakka.
- 366 Böðmóðsstaðavegur: Af Laugarvatnsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
- 374 Hvamsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um Nýbýlahverfi og Gljúfur á Suðurlandsveg vestan Kotstrandar.
- 375 Arnarbælisvegur: Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að heimreið að Egilsstöðum.
- 42 Krýsuvíkurvegur: Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni, um Selvogsheiði á Þorlákshafnarveg ofan við Þorlákshöfn.
- 48 Kjósarskarðsvegur: Frá sýslumörkum vestan Stíflisvatns, um Fellsenda á Þingvallaveg á Mosfellsheiði.
- 52 Uxahryggjavegur: Frá sýslumörkum á Sæluháshæðum, um Brunna og Tröllháls á Þingvallaveg á Þingvöllum.

Reykjaneskjördæmi.

- 1 Suðurlandsvegur: Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna til Reykjavíkur.
- 1 Vesturlandsvegur: Frá Reykjavík við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, inn Hvalfjörð, að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
- 36 Þingvallavegur: Frá sýslumörkum á Mosfellsheiði á Vesturlandsveg nálægt Köldukvísl.
- 40 Hafnarfjarðarvegur: Frá mörkum Reykjavíkur við Fossvogslæk, um Kópavog og Garðahrepp, á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
- 41 Reykjanesbraut: Frá Reykjavík við Elliðaár, austan Kópavogs og Hafnarfjarðar, um Vatnsleysustrandarheiði, Keflavík og Miðnesheiði til Sandgerðis.
- 42 Krýsuvíkurvegur: Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð, um Krýsuvík að sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni.
- 43 Grindavíkurvegur: Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
- 44 Hafnavegur: Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Höfnum.
- 45 Garðskagavegur: Af Reykjanesbraut norðan Keflavíkur um Gerðar og Sandgerði að heimreið að Nýlendu á Stafnesi.
- 48 Kjósarskarðsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan Laxár um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisvatns.
- 410 Elliðavatnsvegur: Af Suðurlandsvegi við Rauðavatn um Vatnsenda á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.
- 412 Vífilsstaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi sunnan Silfurtúns, um Garðakauptún og Vífilsstaði á Elliðavatnsveg við Vífilsstaðavatn.
- 415 Bessastaðavegur: Af Hafnarfjarðarvegi í Engidal að Bessastöðum.
- 416 Álftanesvegur: Af Bessastaðavegi nálægt Bessastöðum, um Landakot og Sviðholt og aftur að vegamótum Bessastaðavegar við Bessastaði.
- 420 Vatnsleysustrandarvegur: Af Reykjanesbraut við Kúagerði, um Vatnsleysuströnd og Voga á Reykjanesbraut á Vogastapa.
- 421 Vogavegur: Af Reykjanesbraut móti Vogum að Vogakauptúni.
- 422 Njarðvíkurvegur: Af Reykjanesbraut vestan Vogastapa, um Innri-Njarðvík á Reykjanesbraut skammt austan vegamóta Hafnavegar.
- 425 Nesvegur: Af Hafnavegi í Höfnum um Reykjanes, Grindavík og Ísólfsskála á Krýsuvíkurveg sunnan Krýsuvíkur.
- 430 Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Úlfarsá sunnan Úlfarsfells á Hafravatnsveg.
- 431 Hafravatnsvegur: Af Suðurlandsvegi norðan Hólmsár, um Miðdal, á Vesturlandsveg við Þverholt.
- 433 Reykjalandarvegur: Af Hafravatnsvegi að Reykjalandi

- 460 Eyrarfjallsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
- 461 Meðalfellsvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.

Vesturlandskjördæmi.

Hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á verksmiðjuverð innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru, sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi, og á tollverð innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum. Við vöruflokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum tollskrárlaga nr. 6/1974.

Um hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

- Að því er tekur til innlendrar framleiðslu skulu gilda ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða settra skv. þeim.
- Að því er tekur til innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit.

Við skil í rikissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald, sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefnum og efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

3. gr.

Hið sérstaka vörugjald skal greitt af sölu innlendrar framleiðslu frá og með 17. júlí 1975 að telja og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 17. júlí 1975. Hafi innflytjandi fyrir 17. júlí 1975 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan afgreidd án greiðslu hins sérstaka vörugjalds skv. 1. gr., en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 27. júlí 1975. Skulu lækkanir á gjaldinu hinn 1. janúar 1976 og 1. september 1976 á sama hátt miðaðar við sölu frá og með greindum dagsetningum ef um innlenda framleiðslu er að ræða og töku til tollmeðferðar frá og með greindum dagsetningum sé um innfluttar vörur að ræða.

Sérstakt vörugjald skal einnig greiða af vörum, sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga, nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga. Eigi skal greiða sérstakt vörugjald við tollafgreiðslu af þeim vörum, sem undanþegnar hafa verið tolli skv. heimildum í 3. gr. tollskrárlaga, heimild í 21. gr. laga nr. 11/1975, eða heimildum í sérstöku lögum.

4. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru, sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af.

Ákvæði laga um verðlagsmál nr. 54/1960 um refsingar og viðurlög skulu gilda um brot gegn ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við á.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um tilkynningaskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að

undanþiggja einstakar vörutegundir gjaldskyldu til þess að tryggja samræmda og greiða framkvæmd laganna, ef sérstakar, brýnar ástæður eru til.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1976.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 frá 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en bensín, skal frá og með árinu 1976 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 2000 kg að eiginþyngd, skal greiða fast árgjald — 70 000 kr. Sé eiginþyngd bifreiðar 2000 kg eða meiri, en bifreiðin er jafnframt minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal gjaldið hækka um 4 000 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eiginþyngd bifreiðarinnar er meiri en 2000 kg.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

Bensíngjald skv. 1. gr. og árgjald þungaskatts skv. þessari grein skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 25 frá 24. apríl 1957. Grunntaxtar bensíngjalds og árgjalds þungaskatts eru miðaðir við vísitölu eins og hún var 1. júlí 1975, þ. e. 1881 stig.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um aukatekjur ríkissjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Dómsmálagjöld í einkamálum.

1. gr.

Eftirtalin dómsmálagjöld skulu greidd samkvæmt reglugerð er dómsmálaráðherra setur:

1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu.
2. Gjald fyrir þingfestingu.
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu.
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls.
5. Gjald fyrir dómkvaðningu.
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða.
7. Kærugjald (fyrir kæru til Hæstaréttar).
8. Gjald fyrir sjóferðapróf.
9. Útivistargjald (fyrir Hæstarétti).

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

II. KAFLI

Gjöld fyrir fógetagerðir.

2. gr.

Fyrir fjárnáms-, lögtaks-, löggeymslu- og kyrrsetningargerð, svo og lögbann, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi aðeins lausafé og fasteignir heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárréttindi sem greinir í 3. kafla laga frá 4. nóv. 1887, um aðför — skal greiða:

Þegar fjárhæðin er 50 000 kr. eða minni 1 000 kr. og síðan 100 kr. í viðbót fyrir hver tíu þúsund eða brot úr þeirri fjárhæð sem fram yfir er.

3. gr.

Fyrir aðrar fógetagerðir skal greiða gjald er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Fyrir lausnargerðir skal þó greiða gjald eftir 2. gr. þegar fé er með henni laust látið.

4. gr.

Nú er aðfarar beiðst hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglýstum veðbréfum og skal þá gjaldið greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðst eftir sama dómi, sátt eða veðbréfi hjá fleirum en einum skal gerð fara fram hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gerð. Þetta gildir þó eigi ef hlutaðeigendur eiga muni í sameiningu, er fjárnám er gert í. Eigi skal heimta hærra gjald þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, séu eigi allir á sama stað né í sama lögsagnarumdæmi.

5. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrirfram skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gerðina, þá er hann krefst þess. Gjaldið er eigi afturkræft þótt gerðarbeiðnin sé kölluð aftur eða fógeti synji um framgang gerðarinnar, nema svo sé, að hærra gjald hafi verið greitt fyrirfram fyrir gerðina en greiða hefði átt er hún var leidd til lykta.

6. gr.

Í gjafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lög-taki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskil-getnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða maka, er hann hefur slitið samvistum við eða skilið að borði og sæng eða að fullu og öllu, skal því aðeins greiða réttargjald að það náist hjá þeim er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sé kröfu gerðar-beiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum, eftir ráðstöfun hins opinbera, skal engin gjöld greiða.

III. KAFLI

Skiptagjöld.

7. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með, skal greiða skiptagjald 3% af öllum eignum búsins — þar með talin búshelft maka — án tillits til skulda er á því hvíla.

Ekkert gjald skal þó greiða í þeim búum þar sem eigurnar nema minna en 50 000 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

8. gr.

Nú tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar, en framselur það á fyrsta skipta-fundi erfingjum eða öðrum er hlut eiga að máli, og skal þá greiða helming gjalds þess er um ræðir í 7. gr.

9. gr.

Þá er skiptaráðendur eða skiptaforstjórar lúka skiptum í búum kemur gjaldið í gjalddaga við skiptalok og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því að það sé rétt talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskipta skal gjaldið greitt um leið og búið er afhent erfingjum.

10. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða gjald er dómsmála-ráðherra ákveður með reglugerð.

IV. KAFLI

Gjöld fyrir uppboðsgerðir.

11. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð fasteignir, skip og flugvélar, svo og önnur fasteignaréttindi, samkvæmt II. kafla laga um nauðungaruppboð nr. 57 25. maí 1949, skal greiða uppboðslaun sem hér segir:

Af fyrstu 500 000 kr.	3%
Af fjárhæð yfir 500 000 kr. allt að 2 500 000 kr.	2%
Af fjárhæð hærri en 2 500 000 kr.	1%

12. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð önnur verðmæti en í II. kafla uppboðslaganna greinir skal greiða 6%.

13. gr.

Gjöld fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð, gjöld fyrir árangurslaus uppboð og gjöld vegna uppboðsbeiðna, sem afturkallaðar eru, skulu ákveðin af dómsmálaráðherra með reglugerð. Á sama hátt skulu ákveðin gjöld fyrir útgáfu af: alsbréfs fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, svo og gjöld fyrir undirboðsþing. Fyrir uppboð á óskilafénaði í réttum skal ekkert gjald greiða.

V. KAFLI**Gjöld fyrir notarialgerðir.****14. gr.**

Fyrir víxilafsögn, sem notarius framkvæmir, skal greiða 600 kr. sé fjárhæð 10 000 kr. eða lægri og síðan 50 kr. til viðbótar fyrir hver tíu þúsund eða brot af þeirri fjárhæð. Þó skal gjald fyrir víxilafsögn aldrei vera herra en 1 500 kr.

15. gr.

Fyrir aðrar notarialgerðir skal greiða gjald er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð.

VI. KAFLI**Gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.****16. gr.**

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir, skip eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir: Þegar fjárhæðin er 100 000 kr. eða minni 2 000 kr. og síðan 500 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot úr þeirri fjárhæð sem umfram er. Af afsölum fyrir fasteignum skal gjaldið þó vera 150 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr. Sama gildir um skráningargjald fyrir kaupmála. Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema 240 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr.

Þegar fjárhæð sú, sem skjalið greinir um, er óákveðin og eigi er hægt að ákveða verðmætið skal gjalda 2 000 kr. Þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveðið gjald eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka hana fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðru en peningum og skal þá meta verðmætið til peningaverðs.

Nú er árlegt afganggjald áskilið um óákveðinn tíma og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum hærri fjárhæð. Sé ártal tiltekið skal afganggjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei gjalda af meiru en af afgangjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi án þess að fyrir hana sé greitt andvirði eða henni maka: kipt gegn annarri eign og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á skjalið svo að ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

Nú hefur embættismaður ákveðið stimpilskylda fjárhæð kaupsamnings eða afsals og skal þá greiða þinglýsingargjald af þeirri upphæð.

17. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem hljóða um efni sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjölum sem ekki eru afsöl eða haft á fasteignum eða lausafé, skal greiða gjald er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Á sama hátt skulu ákveðin gjöld fyrir áritun um heimildarbrest o. fl. skv. 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928.

18. gr.

Fyrir skjöl, sem þinglýst er í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða fullt gjald við fyrstu þinglýsingu en síðan hálf gjald.

19. gr.

Fyrir þinglýsingu á skjali, þar sem ríkissjóði er sett veð fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert greiða. Eigi greiðist heldur gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né fyrir aflýsingu slíkra úrskurða.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð ákveða gjöld fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini og skráningar, enda sé ákvörðun þess eigi falin öðrum ráðherra með lögum.

Á sama hátt skal fjármálaráðherra ákveða eftirtalin gjöld:

1. Gjöld fyrir afgreiðslu vöru- og mannflutningsskipa, er koma frá útlöndum, svo og gjöld fyrir að afgreiða útlend fiskiskip.
2. Gjöld fyrir löggildingu manna til starfa sem veitt eru samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum.
3. Gjöld fyrir borgaralega hjónavigslu.
4. Gjöld fyrir löggildingu verslunarbóka.
5. Gjöld fyrir löggildingu leiðarbóka eða véladagbóka.
6. Gjöld fyrir útnefningu matsmanna.
7. Gjöld fyrir embættisvottorð.
8. Gjöld fyrir lögskráningu skipshafna.
9. Ritlaun fyrir endurrit eða ljósrit er gefin eru út úr embættisbókum og skjala-söfnum.

21. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

22. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal, sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samlímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðarbókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

23. gr.

Það varðar sektum að gefa rangar skýrslur um þau atriði er máli skipta við ákvörðun gjalds samkvæmt lögum þessum enda liggja ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

24. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er hann varða.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976. Jafnframt eru úr gildi numin þessi laga-ákvæði:

Lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 104/1965 sbr. lög nr. 23/1971.

36. gr. laga nr. 42/1903.

60. gr. laga nr. 77/1921.

7. gr. laga nr. 12/1923.

Orðin „1 kr.“ í 2. málsg. 83. gr. og 3. málsl. 3. málsg. 83. gr. laga nr. 20/1923.

44. gr. laga nr. 46/1937.

2. másl. 1. málsg. 9. gr. laga nr. 47/1938.

2. málsg. 4. gr. laga nr. 89/1953.

1. málsg. 22. gr. laga nr. 53/1963.

31. gr. laga nr. 21/1966.

14. gr. laga nr. 41/1968.

3. másl. 6. málsg. 12. gr. laga nr. 82/1969.

1. málsg. 26. gr. laga nr. 79/1971.

Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli er koma í bága við lög þessi.

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

19. desember 1975.

Nr. 80.

FORSETA BRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 97. löggjafarþingsins, frá 20. desember 1975 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 26. janúar 1975.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 21 — 1975

Nr. 81.

188

23. desember 1975.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1973 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

G j ö l d :	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins	166 714	216 325
01 Forsætisráðuneytið	194 068	247 849
02 Menntamálaráðuneytið	4 020 023	4 238 484
03 Utanríkisráðuneytið	277 092	306 324
04 Landbúnaðarráðuneytið	930 907	1 209 237
05 Sjávarútvegsráðuneytið	436 502	631 096
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	1 192 281	1 516 227
07 Félagsmálaráðuneytið	805 933	875 352
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	7 874 700	8 683 228
09 Fjármálaráðuneytið	1 149 642	1 520 939
10 Samgönguráðuneytið	2 260 952	2 986 766
11 Iðnaðarráðuneytið	387 475	475 377
12 Viðskiptaráðuneytið	1 715 554	2 175 073
13 Hagstofa Íslands	22 432	20 583
14 Ríkisendurskoðun	22 959	26 553
Mismunur	513 091	—
Samtals	21 970 325	25 129 413
T e k j u r :	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar	21 748 500	24 584 214
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	120 600	73 430
13 Ýmsar tekjur	101 225	218 782
Mismunur	—	252 987
Samtals	21 970 325	25 129 413

Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8/1972 með síðari breytingum,
um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 14. gr. laganna orðist svo:

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga samkvæmt 13. gr. skal greitt mánaðarlega.

2. gr.

g-liður 8. gr. orðist svo:

Að greiða árlega 5% af vergum tekjum sjóðsins til Lánasjóðs sveitarfélaga, sbr. lög nr. 35/1966 og lög nr. 99/1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Garðahreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Garðahrepp og heitir Garðakaupstaður. Heyrir umdæmið til Reykjaneskjördæmis.

2. gr.

Sýslumaður Kjósarsýslu og bæjarfógeti Hafnarfjarðar skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Kjósarsýslu og bæjarstjórn Garðakaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða sem við gildistöku laga þessara eru í eigu eða vörslu Kjósarsýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara.

Nái þessir aðilar ekki samkomulagi skal félagsmálaráðherra úrskurða hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum skv. þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978 skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi þann hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi, sem ekki er þegar í eigu kaupstaðarins.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnáms skal fara eftir ákvæðum laga nr. 11 6. apríl 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G**um verðjöfnunargjald raforku.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. 1. 83/1974 kemur: 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G**um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Njarðvíkurhreppur skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Njarðvíkurhrepp og heitir Njarðvíkurkaupstaður. Umdæmi þetta er í Reykjaneskjördæmi.

2. gr.

Sýslumaður Gullbringusýslu og bæjarfógeti Keflavíkur skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

3. gr.

Sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórn Njarðvíkurkaupstaðar skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða, sem við gildistöku laga þessara eru í eign eða vörslu Gullbringusýslu. Einnig skulu sömu aðilar semja um fjárskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði, er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Nái þessir aðilar ekki samkomulagi, skal félagsmálaráðherra úrskurða hvernig með skuli fara.

4. gr.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkvæmt sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkvæmt þeim lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram síðasta sunnudag í maí 1978, skal núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. málgr. 11. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú fullnægir sá, er óskar þess að fá sparifé sitt endurgreitt, ekki skilyrðum 3. málgr., og er þá félagsmálaráðherra heimilt að veita leyfi til endurgreiðslu þess, ef högum umsækjanda er þannig háttað, að mati ráðherra, að brýna nauðsyn beri til að leyfa endurgreiðsluna af félagslegum ástæðum, svo sem ef um er að ræða öryrkja, einstæða foreldra eða námsmenn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen

L Ö G

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 12. maí 1970.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 1. gr. orðist svo:

Þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjórans greiðast úr Byggingarsjóði ríkisins, en annar kostnaður stofnunarinnar úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán hvors sjóðsins fyrir sig.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að fjárhæð allt að 6 655 millj. kr., sem varið skal til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1976.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 2 045 millj. kr. á árinu af lánsfé skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 31. janúar 1976.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita sáttu milli aðila allt til 25. janúar 1976.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 41 frá 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. breytist svo:

Orðin „allt að 100 rúmlestum brúttó að stærð“ falli burt, en í þeirra stað komi orðin: 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni.

Aftan við 3. mgr. 2. gr. bætast við orðin:

—, og samkvæmt þeim skilmálum sem hún setur.

2. gr.

3. gr. breytist svo:

Orðin „Samfleytt um tveggja ára skeið“ falli burt, en í þeirra stað komi orðin: í eitt ár.

3. gr.

4. mgr. 5. gr. orðist svo:

Í reikningum félaganna skal tilgreina sérstaklega tekjur og gjöld vegna þeirra trygginga, sem um ræðir í þessari grein, og skulu þeir vera í samræmi við reglugerð um ársreikninga váttryggingarféлага.

4. gr.

Aftan við 7. gr. bætist við:

—, enda hafi viðtakandi bátaábyrgðarfélag látið skoða skipið strax eftir að því barst flutningstilkynning, og samþykkt flutninginn.

Enn fremur bætist við ný málsgrein svohljóðandi:

Sé skip, sem tryggt er samkvæmt lögum þessum, svipt haffærisskírteini, skal Siglingamálastofnun ríkisins þegar í stað tilkynna það viðkomandi bátaábyrgðarfélagi eða Samábyrgðinni.

5. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Stjórn bátaábyrgðarfélags skal skipuð minnst þremur og mest fimm mönnum, og skal fjöldi þeirra ákveðinn á aðalfundi.

Samábyrgðin skipar einn af stjórnarmönnum en hinir eru kosnir á aðalfundi. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Val stjórnarinnar gildir í tvö ár í senn.

Aðalfundur ákveður þóknun stjórnarinnar.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann.

Stjórnarfundur skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða þegar tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaðurinn, ef formaður er ekki mættur. Stjórnin er ályktunarfær ef meiri hluti stjórnarmanna er mættur, þar á meðal formaður eða varaformaður. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í afgreiðslu máls, sem snertir hann sjálfan fjárhagslega.

Stjórnin skal halda fundarbók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Stjórnin hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún úrskurðar skaðabótgreiðslur, en þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef bótaupphæð nemur 200 000 kr. eða meiru.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir félagið og ákveður starfssvið hans og laun. Einnig ræður stjórnin annað starfsfólk eftir því, sem þörf er á.

6. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Reikningar bátaábyrgðarfélaganna skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og af tveimur endurskoðendum, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Aðalfundur ákveður þóknun kjörinna endurskoðenda.

Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar viðkomandi félags liggja frammi hjá framkvæmdastjóra eða formanni frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

7. gr.

11. gr. laganna breytist eins og hér greinir:

Í 1. mgr. breytist orðið „októbermánaðar“ og verður: júnímánaðar.

4. mgr. orðist svo:

Atkvæðisrétt á fundum og kjörgengi til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa hafa allir skipaeigendur eða fulltrúar þeirra, sem eiga skip í frumtryggingu hjá félaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 2 000 000 kr. eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu.

5. mgr. breytist svo: Orðið „sameignarmanni“ falli burt, en í stað þess komi orðið: umboðsmanni.

8. mgr. orðist svo:

Senda skal ráðuneytinu, Tryggingaeftirlitinu og Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

8. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Eignum félaganna má eingöngu verja skv. tilgangi þeirra, og samkvæmt lögum um váttryggingarstarfsemi.

9. gr.

13. gr. laganna breytist eins og hér greinir:

6. mgr. orðist svo:

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, getur félagið fellt það úr tryggingu, og skal bætt úr ágöllum þeim, sem skoðunarmenn telja á skipinu, áður en það er tekið í tryggingu á ný. Sé skipið fellt úr tryggingu vegna framangreindra orsaka, skal það tilkynnt veðhöfum með 14 daga fyrirvara áður en niðurfelling tryggingar tekur gildi.

8. mgr. orðist svo:

Skoðunar- og viðgerðarmenn skulu skoða hvert það tjón, sem váttryggt skip verður fyrir, áður en viðgerð á skipinu hefst og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um tjónið. Þeir skulu síðan fylgjast með viðgerð á skipinu, og að henni lokinni leggja fram skriflega matsgjörð á tjóninu og skýrslu um, hvort skipið sé komið í samt lag aftur eftir viðgerðina.

10. gr.

Í síðasta málslíð 14. gr. fellur burt tilvitnun í lög nr. 32 9. janúar 1935, en í staðinn kemur: nr. 25/1967 og 66/1963.

11. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af ráðherra, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og umsögn Tryggingaeftirlitsins. Samábyrgðin skal hafa samráð við bátaábyrgðarfélögin um iðgjaldatillögur.

12. gr.

Fyrri málsgrein 21. gr. laganna orðist svo:

Bátaábyrgðarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkvæmt V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þó skulu endurtryggingariðgjöld, sem greidd eru samkvæmt 8. gr., ekki teljast til aðstöðugjalds-skyldra útgjalda.

13. gr.

Aftan við 22. gr. laganna bætist orðin:

—, og um sögn Tryggingaeftirlitsins.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 41 frá 28. apríl 1967 og gefa þau út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 47 frá 28. apríl 1967, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við e-lið 2. gr. komi nýr liður f. svohljóðandi:

Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgærðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar. Núverandi f.-liður breytist í lið g.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, enda skulu þeir vera í samræmi við þær reglur, sem Tryggingaeftirlitið setur.

Bráðafúatryggingarnar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi, og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu og Tryggingaeftirlitinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Til aukafulltrúafundar skal boða ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess.

4. gr.

7. gr. verður 15. gr. undir III. kafla, ýmis ákvæði, en verði að öðru leyti óbreytt.

5. gr.

8. gr. verður 7. gr.

6. gr.

9. gr. verður 8. gr. svohljóðandi:

Hafi skip eigi fengið haffærissskirteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu eftir að eitt ár er liðið frá því haffærissskirteinið rann út.

Þegar svo stendur á skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

Fái skipið haffærissskirteini að nýju, skal það tekið í tryggingu að nýju að lokinni fúaskoðun.

Súðbyrt skip er eigi skylt að vátryggja gegn bráðafúa.

7. gr.

10. gr. verður 9. gr.

8. gr.

11. gr. verður 10. gr.

9. gr.

12. gr. verður 11. gr., en auk þess falla niður: „Skipaskoðun ríkisins“, en í staðinn kemur: Siglingamálastofnun ríkisins.

10. gr.

13. gr. verður 12. gr og við greinina bætist: —, enda sé skoðunin framkvæmd samkvæmt fyrirmælum og undir eftirliti matsmanna Samábyrgðarinnar.

11. gr.

14. gr. verður 13. gr. og á eftir 1. mgr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Tjón skal talið tilheyrja því vátryggingartímabili, þegar viðarsýnishorn þau voru tekin, er leiddu til úrskurðar um bráðafúatjón.

12. gr.

15. gr. verður 14. gr og orðist svo:

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina, að fenginni umsögn Tryggingaeftirlitsins, og skulu þau ákveðin árlega.

Iðgjöldin falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi, og síðan 1. janúar ár hvert.

Iðgjöld endurgreiðast ekki, þótt um hafnarlegu eða uppistöðu hlutaðeigandi skips sé að ræða.

13. gr.

16. gr. flyst óbreytt undir III. kafla, ýmis ákvæði.

14. gr.

Úr 17. gr. 1. mgr. falla rómversku töluliðirnir II. og III., en í staðinn kemur: V.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 47 frá 28. apríl 1967 og gefa þau út svo breytt.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um vísitölu byggingarkostnaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hagstofa Íslands skal hefja útreikning nýrrar vísitölu byggingarkostnaðar, sem byggð er á niðurstöðum könnunar á byggingarkostnaði í Reykjavík.

Grunntala þessarar vísitölu skal miðuð við byggingarkostnað í Reykjavík í október 1975, og síðan skal hún reiknuð fjórum sinnum á ári, miðað við byggingarkostnað í fyrri hluta mánaðanna desember, mars, júní og september, í fyrsta sinn í desember 1975. Við þessa ákvörðun vísitölu byggingarkostnaðar hverju sinni skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

2. gr.

Grunnvísitala í október 1975 skal gilda frá 1. nóvember til desemberloka 1975. Eftir það skal hver vísitala, reiknuð samkvæmt síðari málsgr. 1. gr., gilda í 3 mánuði frá og með byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, þ. e. í janúar—mars, apríl—júní, júlí—september og október—desember ár hvert.

3. gr.

Vísitala byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 25/1957 skal reiknuð í síðasta sinn miðað við verðlag í október 1975. Sú vísitala gildir í 2 mánuði, frá nóvemberbyrjun til ársloka 1975, og einungis til viðmiðunar við eldri vísitölur (1. október 1955 = 100).

4. gr.

Vísitölur byggingarkostnaðar með grunntölu 100 í október 1975 skulu tengdar við fyrri vísitölur sem hér segir: Fyrr greindar vísitölur eins og þær eru með 2 aukastöfum skulu margfaldaðar með októbervísitölu 1975 (1. október 1955 = 100), og síðan deilt með 100. Sú útkoma, sem þá fæst, skal sléttuð með því, að sleppt sé broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í eitt stig. Hagstofan annast þennan útreikning og birtir niðurstöður hans jafnóðum.

5. gr.

Til frekari upplýsingar og til fyrirgreiðslu í sambandi við verksamninga er Hagstofunni heimilt að reikna og birta vísitölur, er sýna byggingarkostnað á öðrum tímum en þeim, sem lögfestir eru í þessum lögum. Slíkar vísitölur mega t. d. vera með þeim hætti, að þær miðist við breytta launataxta frá því, sem var í síðustu lögbundinni vísitölu, en við óbreytt verðlag að öðru leyti.

6. gr.

Nú er svo fyrir mælt í lögum, að váttryggjanda húsa sé heimilt að láta váttryggingarverð húsa fylgja vísitölu byggingarkostnaðar, og skal þá sú vísitala, sem í gildi er við byrjun hvers tryggingartímabils, ráða váttryggingarverðinu allt tíma-bilið.

7. gr.

Hagstofa Íslands skal, eigi sjaldnar en á 5 ára fresti, láta fara fram athugun á því, hvort byggingarhættir hafi breyst svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 25/1957, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

um breytingar á lögum vegna nokkurra verkefna sveitarfélaga og kostnaðar við þau.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum.

1. gr.

7. gr. laganna fellur niður.

II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 52 9. apríl 1956 um vinnumiðlun.

2. gr.

8. gr. orðist svo:

Kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 6. gr., greiðist úr rikissjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna vinnumiðlunar skv. lögum þessum úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 53 29. maí 1972 um orlof húsmæðra.

3. gr.

5. gr. breytist þannig:

1. 1. tölul. orðist svo:

Sveitarsjóður greiði árlega upphæð, sem svarar minnst kr. 150 fyrir hverja húsmóður í viðkomandi sveitarfélagi.

2. 2. tl. falli niður.

4. gr.

Orðin „ríkis og“ í 7. gr. falli niður.

IV. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 28 18. apríl 1973 um dvalarheimili aldraðra.

5. gr.

7. gr. orðist svo:

Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er sveitarsjóði heimilt að greiða allt að $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

V. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 63 21. maí 1974 um grunnskóla.

6. gr.

1. mgr. 79. gr. orðist svo:

Viðhaldskostnaður húsa og lóða, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar greiðist af sveitarfélögunum, en húsaleiga greiðist af ríkissjóði í því hlutfalli, sem stofn-
kostnaður húsnæðis til sömu nota mundi greiddur.

Stofnbúnað skólabókasafns greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum. Skal bókastofn skólabókasafns miðaður við 10 eintök bóka á nemanda og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs skipt á allt að 10 ára tímabil. Viðhald og endurnýjun bókasafna greiða sveitarfélög.

7. gr.

80. gr. 2. mgr. orðist svo:

Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

8. gr.

4. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. 83. gr. falli niður.

VI. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 29 21. apríl 1973 um hlutdeild ríkissjóðs í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

9. gr.

2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. breytast á þann veg að orðin „og rekstrar“ falli niður.

10. gr.

8. og 9. gr. falli niður.

11. gr.

1. mgr. og 2. mgr. 10. gr. breytast á þann veg, að orðin „og/eða reka“ falli niður. Síðasta mgr. 10. gr. falli niður.

VII. kafli.

Um breyting á lögum nr. 22 26. apríl 1963 um almenningsbókasöfn.

12. gr.

Síðari hluti 2. mgr. 4. gr. svohljóðandi: „Skulu söfnin njóta sakir þessarar skyldu árlegs aukastyrks úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum“ falli niður.

13. gr.

6. gr. orðist svo:

Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði og leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

14. gr.

4. mgr. og 8. mgr. 7. gr. falli niður.

15. gr.

Úr 13. gr. falli niður orðin: „og ríkissjóðs“.

16. gr.

Úr 2. mgr. 14. gr. falli niður orðin: „og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði“.

3. mgr. 14. gr. falli niður.

17. gr.

Úr 16. gr. falli niður orðin: „og ríkissjóði“.

18. gr.

24. gr., 25. gr., 26. gr. og 27. gr. falli niður.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Gjört í Reykjavík 30. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,
sbr. lög nr. 112/1972 og 62/1974.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

43. grein breytist svo:

1. Liður b. orðist svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis hjá sérfræðingum, þó þannig að samlagsmaður greiði kr. 600.00 fyrir hverja komu til sérfræðings.

2. Liður c. orðist svo:

Lyf, sem samlagsmanni er brýn nauðsyn að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir samlagsmaður ávallt fyrstu 300 kr. samkvæmt Lyfjaverðskrá I og fyrstu 600 kr. samkv. Lyfjaverðskrá II, en sjúkrasamlag það sem á vantar fullt verð. Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk, greiðir samlagsmaður það.

3. Liður d. orðist svo:

Röntgengreiningu og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá, sem daggjaldanefnd setur, þó þannig að samlagsmaður greiði ávallt 600 kr. fyrir hverja röntgengreiningu.

4. 12. málsgrein orðist svo:

Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum samlagsmanna samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga lyfjaávisana.

2. gr.

49. grein breytist svo:

Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo:

Framlög sveitarfélaga greiðast til sjúkrasamlaga mánaðarlega miðað við fjárhagsáætlun.

3. gr.

Á árinu 1976 skulu sveitarfélög innheimta 1% álag á gjaldstofn útsvara og skulu standa sjúkrasamlögum skil á fyrirframgreiðslu eða hlutfallslegri innheimtu þess mánaðarlega.

Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga samkvæmt 49. gr. skal taka tillit til þessa framlags til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G**um lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í sérstökum lögum um tiltekin framlög á fjárlögum er heimilt að lækka slík framlög á fjárlögum árána 1976 og 1977 um allt að fimm af hundraði (5%).

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til framlaga vegna slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga og ekki til hreinna markaðra tekjustofna í gjaldahlið, þ.e. tekjustofna sem koma fram án móttframlags af nokkru tagi í gjaldahlið fjárlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði er orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Við eignarskattsálagningu fyrir skattárið 1975 skal verðmæti fasteigna til eignarskatts reiknað á 2,7-földu gildandi fasteignamatsverði, þrátt fyrir ákvæði A-liðar

22. gr. laga nr. 68/1971. Ákvæði þessi hafa eigi áhrif á heildarfyrningarverð fasteigna, sbr. lokamálsgrein B-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973.

Fjárhæðir í skattstíga í 1. tl. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972. hækki þannig að af fyrstu 2 000 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 1 500 00 kr. skattgjaldseign greiðist 0,6% og af þeirri skattgjaldseign, sem þar er fram yfir, greiðist 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu eignarskatts gjaldárið 1976.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 5 28. febr. 1975, um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 4. málsgrein svohljóðandi:

Á árinu 1976 er Viðlagasjóði heimilt að verja allt að 200 milljónum króna af eign sinni til að standa að fullu við skuldbindingar sínar vegna snjóflóða í Norðfirði 20. desember 1974.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 25. apríl 1973, um breyting á lögum nr. 75
13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðist svo: 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða
(annarra en þeirra sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum).
Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

STJÓRNARTÍÐINDI A 22 — 1975

31. desember 1975.

207

Nr. 100.

FJÁRLÖG

fyrir árið 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki minu:

A - HLUTI

Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.

1. gr.

Greiðslufirlit ríkissjóðs.

	Pús. kr.	Pús. kr.
1 Tekjur:		
Beinir skattar	9 966 700	
Óbeinir skattar	50 375 690	60 342 390
0 Gjöld:		
Samneysla	18 388 871	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	27 533 462	
÷ sértekjur	727 690	45 194 643
Afgangur rekstrarliða		15 147 747
Fjárfesting	3 893 593	
Fjármagnstilfærslur	9 769 015	13 662 608
		<hr/>
		1 485 139
4 Lánahreyfingar inn:		
Innlend verðbréfaútgáfa og útgáfa happdrættisskuldabréfa vegna norður- og austurvegar	1 400 000	
Erlend lán vegna Þorlákshafnar	225 000	
Erlend lán vegna hlutafjárframlags til járnblendiverksmiðju	975 000	
Erlend vörukaupalán	2 030 000	
Önnur erlend lán	3 620 000	
Innheimt af endurlánuðum spariskirteinum	1 520 000	
Innheimtar afborganir almennra lána	36 172	9 806 172
3 Lánahreyfingar út:		
Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir o. fl.	1 740 000	
Sveitarafvæðing	150 000	
Norðurlína	578 000	
Kröfluvirkjun:		
a) Stöðvarhús og vélar	2 778 000	
b) Borholur og aðveitukerfi	730 000	
c) Lína Krafla—Akureyri og aðveitustöð	655 000	
Jarðboranir ríkisins	40 000	
Járnblendiverksmiðja	975 000	
Landhelgisgæsla vegna flugvélaþoka	600 000	
Verðjöfnunarsjóður ábyrgð á greiðslugetu vegna 4. ársfj. 1975	150 000	
Afborganir almennra lána ríkissjóðs	2 523 548	10 919 548

Halli á lánahreyfingum

1 113 376

Greiðsluafgangur

371 763

A 26

2. gr.

Árið 1976 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

0 Gjöld:

	Dús. kr.	Dús. kr.
1 00 Æðsta stjórn ríkisins		355 064
1 01 Forsætisráðuneytið		1 200 225
101—171 Yfirstjórn	1 173 998	
901—902 Annað	26 227	
1 02 Menntamálaráðuneytið		9 282 787
101 Yfirstjórn	167 841	
201—884 Fræðslumál	8 329 272	
901—999 Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	785 674	
1 03 Utanríkisráðuneytið		732 716
101—102 Yfirstjórn	119 168	
201 Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	131 596	
301—312 Sendiráð	303 299	
399—401 Alþjóðastofnanir	178 653	
1 04 Landbúnaðarráðuneytið		2 867 507
101—172 Yfirstjórn	50 042	
201—299 Búnaðarmál	2 690 460	
501—504 Skólar	127 005	
1 05 Sjávarútvegsráðuneytið		1 366 523
101 Yfirstjórn	26 256	
201—299 Útvegsból	1 289 332	
901 Annað	50 935	
1 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið		3 131 121
101—102 Yfirstjórn	42 123	
201—284 Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	2 808 606	
301—373 Þjóðkirkjan	280 392	
1 07 Félagsmálaráðuneytið		2 636 435
101 Yfirstjórn	17 462	
271—272 Húsnæðismál	2 224 320	
301—999 Önnur félagsmál	394 653	
1 08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið		19 544 304
101 Yfirstjórn	33 317	
271—273 Tryggingamál	17 803 500	
301—399 Heilbrigðismál	1 623 401	
471—501 Annað	84 086	
	Flutt	41 116 682

3. gr.

Árið 1976 er ætlast til, að tekjur ríkissjóðs verði þær, sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur.

		1 Tekjur:	
1 1	Skattar.	Þús. kr.	Þús. kr.
	Beinir skattar.		
	Persónuskattar		2 078 500
1 11 0	Iðgjöld lífeyristrygginga:		
1 11 02	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	1 322 000	
1 11 1	Slysa- og atvinnuleysistryggingagjöld:		
1 11 11	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjalda af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	552 500	
1 11 12	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	204 000	
	Eignarskattar		1 021 520
1 12 0	Eignarskattar, almennir:		
1 12 01	Eignarskattur einstaklinga	492 000	
1 12 02	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga ..	4 920	
1 12 03	Eignarskattur félaga	460 000	
1 12 04	Byggingasjóðsgjald af eignarskatti félaga	4 600	
1 12 1	Erfðafjárskattur:		
1 12 11	Erfðafjárskattur	60 000	
	Tekjuskattar		6 866 700
1 13 0	Tekjuskattar:		
1 13 01	Tekjuskattur einstaklinga	7 200 000	
	Persónuafsláttur til greiðslu útsvars og greiddar barnabætur	1 500 000	5 700 000
1 13 02	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga ..	86 000	
1 13 03	Tekjuskattur félaga	1 070 000	
1 13 04	Byggingasjóðsgjald af tekjuskatti félaga	10 700	
	Óbeinir skattar.		
	Gjöld af innflutningi		13 192 000
1 15 0	Aðflutningsgjöld:		
1 15 01	Aðflutningsgjöld	11 060 000	
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	553 000	10 507 000
1 15 02	Aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum	45 000	
